



**Bls. 4**



**Geri mitt besta**

**Bls. 18**



**Bara tilhlökkun**

**Bls. 16**



**Sláum á pensluna**





*Njóttu sumarsins!*



## Lóritín® – Kröftugt ofnæmislyf

**Notkunarsvið:** Lóritín inniheldur virka efnið lóratadín sem hefur kröftuga og langvarandi verkun við algengustu tegundum ofnæmis. Lyfið er ætlað við frjókorna- og dýraofnæmi, sem og ofnæmi af völdum rykmaura. **Varðanareglur:** Gæta þarf sérstakrar varúðar hjá börnum með alvarlega nýrna- og lifrasjúkdóma. Sjúklingar með skerta lifrarstarfsemi þurfa minni skammta.

**Aukaverkanir:** Lóritín þolast yfirleitt vel en algengustu aukaverkanirnar eru munnþurrkur og höfuðverkur. Svimi getur einnig komið fyrir. **Skömmtun:** Ein tafla af Lóritíni er tekin daglega. Börnum 2-14 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2ja ára.

Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.04



 **actavis**  
hagur í heilsu



## Útgefandi:

Efling-stéttarfélag  
Sættúni 1

## Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

## Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

## Blaðamaður

Róbert Ágústsson

## Ritstjórn

Atli Lýðsson  
Guðmundur Þ. Jónsson  
Sigurður Bessason  
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

## Starfsmenn á skrifstofu

Anna Lís Terrazas  
Anna Lísja Sigurðardóttir  
Atli Lýðsson  
Ágúst Þorláksson  
Berglind Davíðsdóttir  
Elin Baldursdóttir  
Elin Hanna Kjartansdóttir  
Fjóla Jónsdóttir  
Guðmundur Þ. Jónsson  
Guðrún Kr. Ólafsdóttir  
Hallsteinn Friðbjörnsson  
Harpa Ólafsdóttir  
Hjördis Baldursdóttir  
Hulda Hafsteinsdóttir  
Ingunn Þorsteinsdóttir  
Kristjana Valgeirsdóttir  
Margrét Davíðsdóttir  
Oddný Elínarsdóttir  
Ólaf Björk Björnsdóttir  
Ragnar Ólason  
Sigríður Ólafsdóttir  
Sigurður Bessason  
Sigurrós Kristinsdóttir  
Sveinn Ingvason  
Tryggvi Marteinnsson  
Þórir Guðjónsson  
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir  
Þráinn Hallgrímsson

## Starfsafi

Sveinn Aðalsteinsson

## Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

## Prentun og bókband

Oddi hf.

## Auglýsingar

Hæfir sf

## Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

## Á forsiðu

Við Reykjavíkurtjörn

## Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sættún 1.  
Sími 510 7500/fax 510 7501

Skrifstofa Eflingar er opin  
frá kl. 08.15 – 16.00.



Sigurður Bessason

# Lærum af sögunni

Í umræðunni um innflytjendamál er okkur Íslendingum hollt að líta til okkar eigin sögu og draga lærdóma af henni. Milli 1970–1980 hurfu margir launamenn til Svíþjóðar til að vinna þar í skipasmíðastöðvum. Margir komu heim aftur en aðrir settust þar að og aðlöguðust sænsku þjóðfélagi til framtíðar. Hópar landa okkar hafa sest að á nokkrum stöðum í heiminum og ákveðið þar framtíðarbúsetu. Þar hafa þeir víða orðið máttarstólpar síns samfélags og skapað sér og fjölskyldum sínum stöðu sem þeir töldu sig ekki hafa tækifæri til heima fyrir. Kreppan á Íslandi í lok 19. aldar varð mikil blóðtaka fyrir Ísland en kraftmikil lyftistöng fyrir svæðin í Kanada þar sem landar okkar settust að.

Þetta er einmitt sú staða sem nú er komin upp hér á landi. Hún er að mestu leyti jákvæð. Hér á landi eru nú tækifæri sem ekki voru fyrir hendi fyrir fáeinum árum. Erlent launafólk kemur hingað vegna þess orðspors sem af Íslandi fer. Hér er mikla vinnu að hafa. Innflytjendur telja sig hafa miklu betri launakjör en í heimalandi sínu og þeir telja að hér sé gott að búa. Fólkið sér tækifæri til að búa sér og fjölskyldum sínum betra og innihaldsríkara líf en þar sem það áður bjó.

Við megum samt ekki gleyma því að sá hópur útlendinga sem hingað kemur er langt frá því að vera einsleitur. Sumir koma til framtíðardvalar meðan aðrir eru bara tímabundnir gestir í landinu. Sumir koma í ævintýraleit og til að afla mikilla tekna í skamman tíma en aðrir vegna þess að þeir vilja búa á Íslandi til frambúðar.

Af þessum ástæðum er það mikill misskilningur að líta á málefni innflytjenda í svarthvítum litum. Samskiptin við þá eru viðfangsefni en ekki vandamál. Það er rétt að við höfum ekki ráðið við þessa hröðu fólksfjölgun. Það má ekki hafa áhrif á viðhorf okkar til þess fólks sem nú er að koma hingað til lands til að taka þátt í atvinnu- og þjóðlífi okkar. Hvort sem við lítum í dag til byggingastarfsemi, erlendra starfsmanna á sjúkrahúsinum og hjúkrunarheimilum og til ýmissa annarra aðhlynningarstarfa, þá er ljóst að erlent starfsfólk er orðið burðarásar í margvíslegum störfum.

Vandi okkar er kannski mestur sá að efnahagsástandið hefur kallað á miklu fleira fólk hingað en samfélagsstofnanir okkar og innviðir þola. Augu manna hafa fyrst og fremst beinst að Vinnu-málastofnun eðli máls samkvæmt en þegar að er gáð vantar verulega upp á að stofnanir samfélagsins hafi náð að aðlagast sig nægilega hratt að breyttum aðstæðum. Fjöldi erlendra launamanna eru ótryggðir á vinnumarkaðnum hér þar sem þeir búa margir í iðnaðarhúsnæði þar sem lögheimilisfesta fæst ekki skráð en hún er forsenda trygginga. Þetta höfðu sveitarfélögin gefið fyrirheit um að lagfæra en ekkert hefur spurst af niðurstöðum. Hættan er einnig hvað mest í skólakerfinu þar sem hópur barna nýtur ekki nægilegs stuðnings. Það þarf því að setja meira fé í þann málaflokk.

Mikilvægast af öllu er að nýta þau tækifæri sem eru í stöðunni. Sjá til þess að þeir sem koma hingað og vilja setjast hér að eigi hér sömu möguleika og aðrir til að taka þátt í atvinnu- og menningarlífi. Lykilatriði í þessu er tungumálið og ef það er eitt atriði sem getur skipt sköpum í þessu efni er það að efla íslenskukennslu meðal þeirra sem ætla að setjast hér að og aðlagast íslensku samfélagi.

Af þeim sem koma hingað í tekjuleit og til að kynnast um skamma hríð íslensku þjóðfélagi, þurfum við ekki að hafa áhyggjur. Það fólk mun leggja okkur mikilvægt lið meðan nóga vinnu er að hafa en fara síðan til síns heima.

Sigurður Bessason  
formaður Eflingar-stéttarfélags

## EFNISYFIRLIT

|                                     |    |                                       |    |
|-------------------------------------|----|---------------------------------------|----|
| Geri mitt besta . . . . .           | 4  | More offers in Copenhagen . . . . .   | 29 |
| Áhugi á frekara námi . . . . .      | 6  | Sjúkrasjóður . . . . .                | 30 |
| Hvað segja þau um 1. maí? . . . . . | 10 | Kvenfólk og strákalyður . . . . .     | 32 |
| Fjölgar í félaginu . . . . .        | 12 | Dagsferðir í haust . . . . .          | 38 |
| To foreign members . . . . .        | 15 | Trúnaðarmenn . . . . .                | 40 |
| Sláum á þensluna . . . . .          | 16 | Leonardo ferðir starfsmanna . . . . . | 48 |
| Bara tilhlökkun . . . . .           | 18 | Langar að læra meira . . . . .        | 49 |
| Læt draumana rætast . . . . .       | 22 | Betra líf . . . . .                   | 50 |
| Léttir og umbun . . . . .           | 26 | Broadway . . . . .                    | 54 |
| Uppselt í ferðir . . . . .          | 28 |                                       |    |



Reykjavíkurborg

# Gerir mitt besta fyrir starfsmenn

- segir, Fanney H. Friðriksdóttir, nýr aðaltrúnaðarmaður Eflingar

Félagsliðar eru komnir til að vera og við stefnum ótrauð áfram að kynna starfið og menntunina



Mér líst vel á að takast við aðaltrúnaðarmann Eflingar, þar sem við höfum verið einstaklega lánsöm með aðaltrúnaðarmenn undanfarin ár. Auðvitað fer ég ekki í spor Ragnars Ólasonar, því að með nýju fólki koma væntanlega einhverjir nýir síðir. Starfið leggst ágætlega í mig, að vísu hefur lítið reynt á mig ennþá því það tók nokkuð langan tíma að ganga frá skipan minni frá því ákveðið var að tilnefna mig í þetta. Ég geri

mér auðvitað grein fyrir því að margt mun breytast varðandi starf mitt því eins og er vinn ég á kvöldin og um helgar ásamt aðaltrúnaðarstarfi.

Ég mun auðvitað leggja mig fram um að gera mitt allra besta fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar. Annars er ýmislegt jákvætt að gerast á sviði Eflingar bæði hjá félagsliðum og síðan er endurnýjun í forystu félagsins sem sýnir að það er líf í þessu öllu, segir Fanney H. Friðriksdóttir, nýr aðaltrúnaðarmaður Eflingar hjá borginni.

Mér líst afskaplega vel á að nýtt fólk komi að stjórnarstörfum sem jafnframt starfar út í atvinnulífinu og hefur þannig góð tengsl við hinn almenna félagsmann. Það er alveg nauðsynlegt fyrir stéttarfélögin að hleypa þannig nýju blóði að því ekkert er óumbreytanlegt. Ég er alls ekki með þessum orðum að gera lítið úr starfsmönnum Eflingar sem hafa setið í stjórn og hafa unnið þar frábært starf. Sú reynsla sem er hjá starfsmönnum er mikils virði. En stjórn Eflingar tók ákvörðun um að fækka bæri starfsmönnum skrifstofunnar í stjórn fyrir nokkrum árum og fá í staðinn fólk af vinnustöðunum. Með þessu skila sér vonandi betur skoðanir og sjónarmið félagsmanna til stjórnar og ég er þessari stefnu mjög fylgjandi, segir Fanney.

## Félagsliðar í sókn

Ársfundur félagsliða fór fram í lok mars og tókst hann mjög vel. Mjög góð þátttaka var á fundinum þrátt fyrir að margt annað hafi verið í boði þetta kvöld en við kepptum meðal annars við Clíff Richard og fleiri menningaratriði þetta kvöld.

Félagsliðar eru komnir til að vera og stefnum við ótrauð áfram að kynna starfið og menntunina. Félagsliðar eru komir yfir 200 manns og frábær aðsókn í skólann. Faghópurinn hefur verið duglegur að kynna sér félagsliða annars staðar og eins var formanni velferðarsviðs borgarinnar, Jóranni Frímannsdóttur og sviðsstjóra sama sviðs, Stellu Víðisdóttur kynnt menntun og starf félagsliða. Við erum líka stolt af menntuninni og mjög hreykin af því að bera starfsheitið félagsliði!!!

## Eftirsjá að Þórunni

Okkur er líka ofarlega í huga, nú þegar Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, hefur ákveðið að draga sig í hlé, að hún hefur verið mikil sprauta í öllum aðdraganda félagsliðanámsins og hvatt okkur áfram í starfi félagsliðanna í Eflingu. Það verður mikil eftirsjá að henni. Einnig hefur Harpa Ólafsdóttir komið að starfinu fyrir félagsliða og hefur reynt okkur vel.



# ***Bestir í kjöti!***

## ***Ferskur fiskur daglega!***

**NÓATÚN**





## Jarðlagnatæknar útskrifast

Nítján jarðlagnatæknar voru útskrifaðir við athöfn í Gvend-arbrunnum þann 16. mars sl. Það eru liðin sex ár síðan fyrsti hópurinn hóf nám í jarðlagnatækni og

þeir aðilar sem standa að því lýstu yfir ánægju með árangurinn sem náðst hefði. Ekki þarf að fjölýrða um gagnsemi þess fyrir fyrirtæki sem sjá um jarðlagnir að fá fólk í vinnu

með þessa menntun. Nemendur lýstu yfir ánægju sinni með skipulagningu námsins og sögðust vilja hvetja alla sem vinna við jarðlagnir að kynna sér þessa námsleið.

## Hefur vakið áhuga minn á frekara námi

- segir Kristófer Kristófersson

Kristófer Kristófersson vinnur í fráveitu hjá Orkuveitu Reykjavíkur og er í hópi þeirra sem voru útskrifaðir að þessu sinni. Hann sagðist aðallega vinna við skoldpælustöðvar á Stór-Reykjavíkursvæðinu og í starfinu felst m.a. að sjá til þess að skoldpælið komist snurðulaust á leiðarenda.

Kristófer segir að vinnan tengist ekki beint jarðlögnum og hann standi ekki í skurði með skóflu og leggi pípur alla daga. En eftir að hafa skoðað námsefnið hafi hann sannfærst um að margt af því sem þar var í boði myndi nýtast honum í sínu starfi. Hann hefði því ákveðið að sækja um og komist í hópinn. Hann segir líka að námsefnið sé mjög fjölbreytt og skemmtilegt.

Við lærðum m.a. efnisfræði, rafmagnsfræði og vélfræði og sóttum námskeið um gróður og umhverfi. Þá var okkur kennt að lesa úr teikningum af lögnum sem liggja í jörðu víðsvegar í borginni. Svo heimsóttum við fyrirtæki á Selfossi sem framleiðir rör og pípur og þar vorum við í verklegu námi í þrjá daga. Mér fannst virkilega gagnlegt að



fylgjast með framleiðslu á pípum og öðru efni sem er notað í jarðlagnir og sjá hvernig gert er við pípur sem bila, segir hann.

Nemendurnir sem útskrifuðust eru frá Selfossi, Flúðum, Hvolsvelli, Reykjavík og fleiri stöðum og mér þykir frábært að hafa fengið tækifæri til að kynna mönnum frá þessum stöðum og við náðum mjög vel saman frá fyrsta degi, segir hann

### En hvaða þýðingu hefur námið?

Það er margþætt, segir hann. Það hefur veitt mér meira sjálfstraust til að sinna þeim verkefnum sem mér eru falin. Svo hefur það líka veitt mér meira svigrúm til að laga stöðu mína varðandi launamál og atvinnutækifæri. Það hefur líka vakið áhuga minn á frekara námi og kannski á ég eftir að fara í iðnnám seinna, sagði Kristófer að lokum.

# Milt og gott alla ævi

ENEMM / SA



Neutral þvottaefni inniheldur hvorki litarefni, ilmefni, bleikiefni né önnur aukaefni sem eru þekkt fyrir að geta kallað fram kláða og exem. Þess vegna minnkar þú hættuna á snertifnæmi og ofnæmisviðbrögðum þegar þú þværð með Neutral – bæði hjá þér og börnunum þínum. Neutral vörurnar eru viðurkenndar af dönsku astma- og ofnæmissamtökunum.



Neutral vörurnar eru viðurkenndar af dönsku astma- og ofnæmissamtökunum.

**Neutral**  
verndar viðkvæma húð





Menntun í ferðapjónustu

## Tilraunanám í gangi

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að gerð námskrár fyrir starfsfólk í ferðapjónustu. Hjá Mími-símenntun er nú í gangi tilraunanám í þessari grein. Námskráin er þannig byggð upp að námið er samtals 60 stundir og er kennt í þremur 20 stunda kennslulotum. Námið er metið til 5 eininga á framhaldsskólastigi.

Sem dæmi um innihald námsins má nefna námsþætti eins og „samfélag og staðarþekking“, „þjónusta við mismunandi hópa“ og „hugmyndafræði og viðhorf“. Þegar verið er að ræða um ferðapjónustu þá er það oft skilgreint nokkuð þröngt hvaða störf tengjast ferðapjónustu. Störf á bensínstöðvum og mörg bílstjórastörf eru til dæmis

ferðapjónustustörf. Reiknað er með að endanleg námskrá verði tilbúin sumarið 2007 og að námið verði á boðstólum á landsvísu nú í haust.

Mikilvægt er fyrir þá sem hafa áhuga á þessu námi að kynna sér það en hægt er að afla sér upplýsinga hjá Mími-símenntun, Eflingu eða Starfsafla.

Sigurveig Sara Björnsdóttir

## Rosalega gaman í þessu námi

Sigurveig Sara Björnsdóttir vinnur hjá Íshestum í Hafnarfirði og á gistiheimilinu Kríunesi sem fjölskylda hennar rekur upp við Elliðavatn. Hún sagði að námskeiðið hefði byrjað fyrir hálfum mánuði og það væri búið að vera rosalega gaman. Mér finnst námsefnið líka mjög spennandi og kennararnir hafa verið duglegir að miðla okkur af reynslu sinni og þekkingu á ferðapjónustu. Ég get varla beðið eftir að mæta aftur í skólann eftir páska.







## FINNST ÞÉR ÞETTA Í LAGI?

**Um 50 þúsund Íslendingum finnst í lagi að keyra eftir að hafa fengið sér einn. Finnst þér það í lagi?**

Á undanförunum fimm árum hefur 21 maður látið lífið í umferðarslysum sem rekja má til ölvunaraksturs.

**BARA EINN ER EINUM OF MIKIÐ**

VÍN BÚÐ



UMFERÐARSTOFA




# Baráttudagur verkalyóðsins 1. maí

Fréttablað Eflingar fór á nokkra vinnustaði og spurði félagsmenn hvern-

ig þau eyddu deginum á 1. maí. Komið var við í Nóa Siríusi, Mjólkursamsöl-

unni, Malbikunarstöðinni Höfða og byggingarsvæði ÍAV við Skúlagötu.



## Alltaf í kröfugöngu

- segir Soffia Kragan

Soffia Kragan hefur unnið við framleiðslu á sælgæti í 21 ár hjá Nóa Siríusi. Hún sagðist alltaf reyna að mæta í kröfugöngu og á útifundinn og síðustu tvö árin hafi hún farið í Kiwanishúsið að Engjateigi 11 og þegið veitingar í boði Eflingar. Ég á ekki von á öðru en að ég eyði deginum á sama hátt núna. Það eina sem gæti komið í veg fyrir það er vont veður.



Guðmundur Már Ingimarsson

## Fer á útifundinn

Guðmundur Már Ingimarsson vinnur við pökkun hjá Mjólkursamsölunni. Hann sagðist oftast taka daginn rólega. En ég hef farið í kröfugönguna og á útifundinn á Ingólfstorgi í nokkur skipti. Ætli það verði ekki ofaná núna ef veðrið verður gott, segir hann.



## Eyði deginum með fjölskyldunni

- segir Sigurður Ingi Ingólfsson

Sigurður Ingi Ingólfsson er bílstjóri hjá Malbikunarstöðinni Höfða. Hann sagðist ætla að eyða deginum með fjölskyldu sinni. Aðspurður hvort að þau ætli að taka þátt í dagskránni sem verkalyóðshreyfingin stendur fyrir, segist hann ekki eiga von á því.



Pálína Jóhannsdóttir

## Allavega ekki í kröfugöngu eða á útifundinn

Pálína Jóhannsdóttir vinnur við ræstingar og var stödd úti á palli við vinnuskúra á byggingarsvæði ÍAV við Skúlagötu. Hún sagðist ekki vera búin að ákveða hvað hún ætlaði að gera á 1. maí. En ég fer allavega ekki í kröfugöngu eða á útifundinn, sagði hún.





Laugaborg

## Lengi býr að fyrstu gerð

Jóhanna B. Magnúsdóttir, leiðbeinandi sendi blaðinu þessa skemmti-

legu mynd af börnum á Leikskólanum Laugaborg sem hefja daginn

snemma og arka með pappír og mjólkurfernur í endurvinnslugáma.

Breytingar á stjórn Eflingar

## Nýr varaformaður og ritari

Á aðalfundi Eflingar tók nýr 1. varaformaður við í stjórn Eflingar-stéttarfélags þegar Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir lét af varaformennsku en Sigurrós Kristinsdóttir tók við. Þá kom Fanney H. Friðriksdóttir inn sem ritari stjórnar í stað Hjördísar Baldursdóttur, sem hvarf úr stjórn þar sem hún hefur setið

frá sameiningu félagsins í lok árs 1999. Þá kom Jódís Sigurðardóttir ný inn í stjórnina en aðrir sem voru endurkjörnir til tveggja ára eru Jónína Sigurðardóttir, Sigurlín Ágústsdóttir, Snorri Ársælsson, Stefán Viðar Egilsson og Þorsteinn M. Kristjánsson



Jódís Sigurðardóttir



Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir



Sigurrós Kristinsdóttir



Hjördís Baldursdóttir



Fanney H. Friðriksdóttir



## Fjölgun í félaginu

- karlar sækja á.....

Félagsmönnum hefur fjölgað jafnt og þétt á undanförunum misserum og einnig eru talsverðar breytingar á samsetningu hópsins. Mesta fjölgunin hefur átt sér stað í hótél- og veitingageira og eins hefur störfum í byggingariðnaði fjölgað hratt. Á meðan störfum í vefjar- og fataiðnaði hefur fækkað hafa störf í matvæla- og drykkjaiðnaði svo til staðið í stað. Þá er nokkuð um að störfum sem áður tilheyrðu ríki eða sveitarfélögum heyra nú undir fyrirtæki í einkaeigu.

### Karlar orðnir fleiri en konur

Frá árinu 2002 hefur félagsmönnum sem starfa í byggingariðnaði fjölgað hratt eða úr 1100 manns í 2600 manns. Fjölgun í þessum störfum hefur jafnframt leitt til þess að kynjahlutföll í félaginu hafa breyst úr því að vera um 45% karlar á móti 55% kvenna árið 2002 í það að vera nú 51% karlar á móti 49% kvenna. Þá er tæplega helmingur þeirra sem starfa í byggingariðnaði með erlent ríkisfang en sé tekið mið af heildarfjölda félagsmanna þá er hlut-

fall erlends vinnuafis um 30%.

### Unga fólkið fjölmennt í hótél- og veitingageiranum

Vel yfir þrjú þúsund manns starfar nú að jafnaði í hótél- og veitingageira sem er nánast þreföldun á tíu árum. Unga fólkið er fjölmennast í þessum hópi og jafnframt talsverð hreyfing á þessum hópi en um 7100 félagsmenn komu við sögu í þessari starfsgrein á síðasta ári. Um 81% félagsmanna í hótél- og veitingageiranum eru undir 30 ára.

## Atvinnuleysisdeild Eflingar lokar

Frá og með 2. apríl síðastliðnum er allri afgreiðslu atvinnuleysisbóta hjá Eflingu-stéttarfélagi lokið. Umsýsla atvinnuleysistrygginga færir alfarið yfir til Greiðslustofu Vinnumálastofnunar á Skagaströnd og verða afgreiðslur bóta fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins framkvæmdar þaðan.

Eins og áður ber að skila gögnum til þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar á Engjateigi 11 í Reykjavík.

Efling-stéttarfélag mun að sjálfsögðu áfram veita félagsfólki sínu allar upplýsingar sem tiltækar eru um atvinnuleysis-ismál.



Elin Kjartansdóttir og Hallsteinn Friðbjólfsson hafa sinnt atvinnulausu fólki undanfarin ár



# Þú skalt ekki bíða eftir að gullgæsin verpi

Leggðu heldur fyrir í **séreignarsjóð** og launagreiðandinn  
greiðir **sömu upphæð á móti** í þinn sparnað



Ef þú leggur fyrir **2% af launum þínum** í séreignarsjóð færðu sjálfkrafa jafnhátt  
**mótframlag frá launagreiðanda** þínum.

Hafðu samband í síma 515 4700 til að fá nánari upplýsingar.



*Gildi valinn besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi  
tvö ár í röð, 2005 og 2006, af tímaritinu IPE*





## UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI GILDIS

Ég undirrituð/aður sækir hér með um aðild að Séreignarsjóði Gildis og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlið umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Gildis telst vera kominn á samningur milli mín sem rétthafa og Séreignarsjóðs Gildis sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (rétthafi):

|         |           |
|---------|-----------|
| Nafn    | Kennitala |
| Heimili | Póstnúmer |

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að \_\_\_\_\_% af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Gildis inn á séreignarreikning minn hjá sjóðnum.

Löggjald sem nemur að hámarki 4% af iðgjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifu umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit er litið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum. Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér \_\_\_\_\_ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Gildis í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

|         |           |
|---------|-----------|
| Nafn    | Kennitala |
| Heimili | Póstnúmer |

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

- ☐ **Framtíðarsýn 1**  
Skuldabréf 65%  
Hlutabréf 35%
- ☐ **Framtíðarsýn 2**  
Skuldabréf 80%  
Hlutabréf 20%
- ☐ **Framtíðarsýn 3**  
Bundinn  
innlánsreikningur

Rétthafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Gildis - lífeyrissjóðs.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Gildis

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Gildis, Sætúni 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest ljósrít af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.





May 1<sup>st</sup>

## Greetings to foreign union-members

Since you are living and working here in Iceland we would like to give you a few facts about 1<sup>st</sup> of May here in this country.

1<sup>st</sup> of May is an international labour day, a day to remind all workers of the struggle of workers all around the world. Here in Iceland this day is a national holiday. Generally the employers respect this as a holiday. It is really an exception if employees have to work on May 1<sup>st</sup>. This however does not apply to those working in caring such

as in hospitals and old people's homes, neither to those working in hotels and restaurants where employees have to work as usual.

Those who are working on Labour Day get higher shift payments or overtime according to respective agreements.

The unions in Reykjavík have organised a march in the center and an outdoor meeting for the last 84 years. This year they have, as usual planned a march and meeting at Ingólfstorg. The march

starts at 13:30 from Hlemmur bus stop and the meeting at 14.00.

After the meeting Efling invites all its members to a coffee at the Kiwanishouse at Engjateig 11.

Efling - trade union extends good wishes to all members on the international Labour day and encourages everybody to join union members from different unions to in the march in the center of Reykjavík.



# Verðum að slá á pensluna

- segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar

Á 1. maí er gott að staldra við og horfa fram á við en einnig til baka. Þegar litið er til baka frá upphafi Kárahnjúkavirkjunar og öll þau varnaðarorð sem þá voru látin falla eru skoðuð, kemur í ljós að framkvæmdagledin hefur borið fyrirhyggjuna ofurlíði. Stjórnvöld töluðu um að ekki mætti fara of hratt í framkvæmdir á sama tíma og þessi mikla uppbygging ætti sér stað svo ekki sköpuðust svokölluð ruðningsáhrif gagnvart öðrum störfum vegna sterkrar stöðu krónunnar. Stórframkvæmdir myndu draga lífið úr öðrum fyrirtækjum í hefðbundnum greinum og nývaxtarstarfssemi. Þetta er einmitt það sem hefur gerst, því miður, segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar í viðtali við Eflingarblaðið.

Allt launafólk þekkir svo vel framhaldið. Norðurálsstækkun, Reyðarálsverksmiðjan, gríðarlegar framkvæmdir á vegum Orkuveitu Reykjavíkur á Helliheiði og hitaveitu Suðurnesja á Svartsengi. Framkvæmdir við tónlistahúsið, miklar vegaframkvæmdir og svo mætti lengi telja. Á sama tíma kepptust bankar og Íbúðalánasjóður um að hækka lánshlutföllin sem leiddu til 90 – 100% lána. Þær byggingaframkvæmdir sem áttu sér stað í framhaldinu á suðurhorni landsins juku síðan á pensluáhrifin með

**Það er sérkennileg staða sem verkalyðshreyfingin er komin í. Annars vegar styður hún mikla atvinnuþátttöku og berst gegn atvinnuleysi. En nú er staðan sú að launafólk finnur fyrir vaxandi greiðslubyrði lána vegna allt of hárrar verðbólgu. Þess vegna verður nú að slá á pensluna og skapa hér jafnvægi í efnahagsmálum á ný**

hækkandi íbúðarverði. Áhrifin voru ekki lengi að koma fram. Hér skapaðist mikil pensla sem leitt hefur til mikillar hækkunar verðbólgu sem mætt hefur verið með veikburða hætti að hálfu Seðlabanka Íslands með stýrivöxtum sem í reynd hafa haft mjög takmörkuð áhrif þar sem ríkisstjórnin hefur ekki spilað með, segir hann.

## Nýjar stórframkvæmdir

Við erum að fara í gegnum tímabil þar sem rangar ákvarðanir í efnahagsmálum geta haft slæmar afleiðingar inn í nánustu framtíð. Nú fer að líða að seinni

hluta framkvæmdanna fyrir austan og þá er eðlilegt að við veltum því fyrir okkur hvað er framundan og þá skiptir máli hvernig staðið verður að málum í framhaldinu. Nú þegar ræða menn um næstu stórframkvæmdir. Þar eru fremst á verkefnalista álfverksmiðja í Helguvík og á Húsavík og undirbúningur að stóriðju í Þorlákshöfn. Framkvæmdir við Sunda-brautina, tvöföldum á Suður- og Vesturlandsvegi ásamt fjölda annarra framkvæmda í vegamálum. Framkvæmdir í orkuverum og línuvirkjum vegna raforkuöflunar fyrir álverin, bæði gufu- og vatnsaflsvirkjanir eru á dagskránni. Þess utan er ótrúlegur fjöldi bygginga af öllum stærðum og gerðum á framkvæmdarstigi á öllu höfuðborgarsvæðinu.

Ef öll þessi áform verða að veruleika á sama tíma skapast hér áframhaldandi þensluástand þar sem hætta er á skelli ef við gætum ekki að okkur. Hér skiptir öllu máli að framkvæmdunum verði dreift á hæfilega langan tíma. Við köllum því eftir efnislegri umræðu í aðdraganda komandi kosninga hvernig stjórnmalámennt ætla að stýra þeim stórframkvæmdum sem falla undir ríki og sveitarfélög þannig að hægt sé að viðhalda ákveðnum stöðugleika. Eða er það eingöngu áhyggjuefni hins almenna launamanns hvort verðbólgan leiki lausum hala?

Það er sérkennileg staða sem verkalyðshreyfingin er komin í. Annars vegar styður hún mikla atvinnuþátttöku og berst gegn atvinnuleysi. En nú er staðan sú að launafólk finnur fyrir vaxandi greiðslubyrði lána vegna allt of hárrar verðbólgu. Þess vegna verður nú að slá á pensluna og skapa hér jafnvægi í efnahagsmálum á ný.

Verðbólgan mælist um þessar mundir u.þ.b. 6%. Hætta er á að lækkan á virðisaukaskatti sem átti sér stað í byrjun marsmánaðar tapist út um gluggann. Það er meiri erfiðleikum bundið að fylgjast með framkvæmdinni eftir því sem verbólgustigið er hærra. Það ber að hrósa matvöruverslunum þar sem lækkanin hefur skilað sér en það sama virðist ekki vera uppá teningnum með veitingahús og skyndibitastaði. Það vekur furðu að þessir sömu aðilar skuli ekki hafa gripið tækifærið til þess að lækka verð á vörum sínum sérstaklega í ljósi þess að þeir hafa kveinað undan hárrí álagningu í gegnum tíðina og borið því við að hátt verð á veitingahúsum væri tilkomið vegna mikilla álagningar. Sannleikurinn sýnir annað, segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar.



# Njóttu Íslands, Færeyja og Skotlands

í 3ja vikna ferð með Norrænu



## Sértílbætur til Skotlands á völdum dagsetningum.

Við bjóðum ferðir til Skotlands í allt sumar á sértílbæði. Hver ferð tekur um þrjár vikur. Ferðalýsing: Sigt er frá Seyðisfirði til Þórshafnar í Færeyjum á fimmtudegi kl. 13:00, komið til Þórshafnar á föstudegi kl. 06:00. Í Færeyjum er stoppað í þrjár nætur en sigt er frá Þórshöfn á mánudegi kl. 08:30 áleiðis til Scrabster með stuttri viðkomu í Bergen. Komið er á miðvikudegi kl. 00:30 til Scrabster. Í Skotlandi höfum við fjórtán daga til að keyra um og njóta rómaðrar náttúruferðar Skotlands, skoða gamlar minjar, bæi og sveitir, keyra suður til Englands eða hvert sem við viljum. Heimferðin hefst í Scrabster aðfaranótt miðvikudags kl. 02:00 og sigt áleiðis til Seyðisfjarðar með viðkomu í Þórshöfn. Komið er til Seyðisfjarðar á fimmtudagsmorgni kl. 09:00. Skemmtilegar ferðir sem enginn má missa af.

## Sigling + 3 dagar í Færeyjum og 14 dagar í Skotlandi

### Hægt er að velja um eftirfarandi dagsetningar:

Brottför: 21. júní og komið heim 11. júlí.  
Brottför: 5. júlí og komið heim 25. júlí.  
Brottför: 19. júlí og komið heim 8. ágúst.  
Brottför: 2. ágúst og komið heim 22. ágúst.

### Nokkur verðdæmi:

Verð á mann m.v. 4 í 4m klesla /inn, kr. 27.900 og bíllinn með  
Verð á mann m.v. 2 í 2m klesla /ut, kr. 49.400 og bíllinn með  
Verð á mann m.v. 2 í 2m klesla og húsbíl max. 7 metra kr. 59.600

### Gisting í Færeyjum

Heimagisting kr. 4000 á mann nóttin í 2m herbergi  
Íbúð eða hús frá kr. 2.000 á mann nóttin  
Gæstheimili frá kr. 4.400 á mann nóttin í 2m herbergi  
Hótel frá kr. 8.000 á mann nóttin

### Gisting í Skotlandi

Við getum útvegað gistingu í Skotlandi eftir óskum hvers og eins.

**AUSTFAR**

Fjarðargötu 8 • 710 Seyðisfirði • Sími: 472 1111  
austfar@smyril-line.is • www.smyril-line.is



SMYRIL LINE ÍSLAND  
**Norræna**  
FERÐASKRIFSTOFAN

Stangarhyl 1 • 110 Reykjavík • Sími: 570 8600  
Fax: 552 9450 • info@smyril-line.is  
www.smyril-line.is





Sigurrós með sætum stelpum að föndra fyrir páskana

Nýr 1. varaformaður Eflingar

# Bara tilhlökkun og eftirvænting

- segir Sigurrós Kristinsdóttir

Mér finnst þetta rosalega spennandi tækifæri að eiga kost á því að taka við sem varaformaður Eflingar. Ég veit að það verður mjög krefjandi fyrir mig að takast á við verkefnið en þó er bara tilhlökkun og eftirvænting í mínum huga núna, segir Sigurrós Kristinsdóttir. Hún er nýkjörinn 1. varaformaður Eflingar-stéttarfélags og tók við sem varaformaður á aðalfundi félagsins 26. apríl sl. Rósa eins og hún er jafnan kölluð er enginn nýgræðingur í félagsmálum. Hún fór snemma á vinnumarkaðinn þegar hún hóf störf hjá Hampiðjunni 16 ára gömul en kynntist félagsstörfum fyrir alvöru

í síðustu samningum við Reykjavíkurborg þar sem hún var í samninganefndinni af hálfu starfsmanna leikskólanna. Hún hefur síðastliðin 18 ár starfað á leikskólanum Sólhlíð og viðbrigðin því talsverð í vendum eða er það ekki?

Jú, þetta verður mikil breyting hjá mér. Ég hef starfað á Sólhlíð svo lengi með alveg frábæru fólki og ég mun sannarlega sakna þessa starfs, samstarfsmanna minna og ekki síst barnanna því að vinna með börnunum á leikskólanum er ofboðslega gefandi starf. Starfið er endalaus áskorun alla daga og mikil mannleg samskipti bæði við börnin, foreldra og

samstarfsfólk. Á þessum leikskóla hefur lengi starfað saman mjög góður og samheldinn kjarni starfsmanna. Það eru 24 börn á deildinni okkar þannig að allan daginn er maður á fullu. Mér hefur reyndar aldrei leiðst í vinnu og á leikskólanum er hver dagur þannig að það er gaman að fara í vinnuna.

Það er mjög ábyrgðarmikið starf að vinna á leikskólanum og mér hefur oft fundist sem þjóðfélagið meti ekki sem skyldi þessa miklu reynslu sem starfsmenn leikskólanna búa yfir. Parna er fólk í vinnu sem hefur ekki bara mjög langa reynslu af störfum með börnum, heldur einnig oft mikla þekkingu sem



Það hefur sótt á fjölmörg námskeið og til fræðslustofnana til að halda sér við í starfi. Þarna er hafsjór af fróðleik, reynslu og leikni í mannlegum samskiptum sem þarf til að leikskólinn geti gengið vel.

### Var kaupmaðurinn á horninu

Þannig að þú ert ekki haldin neinum verkkvíða?

Nei, ég hef alla tíð unnið mikið, fyrst í Hampidjunninu og síðan sem eigandi að matvöruverslun sem ég rak með fyrrverandi manninum mínum í Þingholtunum um nokkurt skeið áður en ég réði mig á Sólhlíð. Það var í tíð kaupmannsins á horninu þegar hverfisverslunin var eins konar félagsmiðstöð fyrir fólkið í hverfinu og það kom í verslunina Þingholt til að spjalla saman og leita fréttar. Þá var annar opnunartími verslana en er í dag t.d. ekki opið nema fram að hádegi á laugardegi. Þarna lærði ég að treysta á sjálfa mig, því það var mikill skóli fyrir unga konu að reka verslun og bera ábyrgð á því að þessi reksturinn væri í lagi. Mér fannst alltaf gaman að því að hitta fólkið og spjalla. Það var ekki síst það sem heillaði mig í versluninni og reyndar hefur þessi mannlega hlið fylgt mér í störfum síðustu tuttugu árin.

### Borgarsamningurinn öðrum fyrirmynd

Áhugi á félagsmálum hefur þannig verið lengi hluti af lífi þínu?

Já, ég er félagslynd. Mér finnst gaman að vera með fólki. Ég fann þetta t.d. vel í síðustu kjarasamningum borgarinnar, þegar við unnum saman, trúnaðarmenn og samningamenn Eflingar til að ná góðum kjarasamningum fyrir hönd okkar félagsmanna. Okkur fannst við ná ásættanlegum árangri þó við gerum okkur auðvitað vel grein fyrir því að launa- og kjaramál eru eilífðarverkefni og það verða aldrei allir ánægðir. Við segjum líka stundum á leikskólanum að það séu ekki launin sem halda okkur í störfunum þó að okkur hafi tekist að ná sæmilegum áfanga þar í síðustu samningum. En mér finnst líka að það þurfi alltaf að vera svolítið gaman að þessu um leið. Þó við séum í launabaráttu, þá þarf þetta ekki að vera neitt leiðinlegt og ég hugsa að samningafólki Eflingar við borgina í síðustu kjarasamningum hafi fundist þetta að mörgu leyti gefandi og skemmtilegt þó viðfangsefni kjarasamninga sé alltaf að hluta erfið. Það var líka áhrifaríkt að sjá hvernig Efling leiddi kjarasamningana á opinbera markaðn-

**Ég kem að þessu verki með opnum huga og hef ekki neinar fyrirfram skoðanir á því hvernig ég hyggst beita mér. Ég tel mikilvægast að halda í réttlætiskennndina sem er leiðarljós okkar allra í starfi. Svo er þetta bara mikil vinna**

um og síðan fylgdu betri samningar við allan opinbera markaðinn hjá okkur í kjölfarið.

En stundum fær þessi barátta líka á sig svolítið broslega mynd. Okkur fannst til dæmis krafan um kuldagalla á hvern starfsmann á alla vinnustaði leikskólanna vera svo borðleggjandi að ekki þyrfti að ræða hana. En þetta þótti ekkert sjálfsagt hinum megin við borðið þó það yrði svo niðurstaðan. Það var líka gríðarlega mikilvægt fyrir launafólk á sínum tíma þegar baráttan fór að snúast um aukinn kaupmátt en ekki bara hærri kaup.

### Athvarfið í Grafningum

En áttu líf fyrir utan starfið?

Já, það á ég svo sannarlega. Ég er svo heppin að eiga góða og samheldna fjölskyldu sem hefur alltaf staðið þétt við bakið á mér. Svo á ég tvö börn, son sem er 23 ára og er í námi og dóttur

sem er 21 árs. Barnabörnin eru tvö og það þriðja á leiðinni. Ömmuhlutverkið er yndislegt og ég nýt þess að eyða sem mestum tíma með þeim. Auk þess eiga foreldrar mínir sumarhús á Þingvöllum og þar er gott að komast í kyrrðina, veiða í vatninu, fara í gönguferðir og njóta þess fallega umhverfis sem Þingvellir hafa upp á að bjóða.

Ertu farin að hugsa svolítið um nýja hlutverkið?

Já, en ég kem að þessu verki með opnum huga og hef ekki neinar fyrirfram skoðanir á því hvernig ég hyggst beita mér. Ég tel mikilvægast að halda í réttlætiskennndina sem er leiðarljós okkar allra í starfi. Svo er þetta bara mikil vinna. Það er mín reynsla að það kemur ekkert átakalaust upp í hendurnar á manni. Maður þarf að ávinna sér traust og reynslu í öllum störfum. Ég kvíði ekki samstarfinu við forystufólk, starfsfólk og félagsfólk Eflingar. Ég er líka ánægð með það að ég finn fyrir einstaklega mikilli velvild meðal félagsmanna Eflingar og starfsfólks hér á skrifstofu félagsins sem hefur sýnt mér mikla hlýju og góðan hug í hvert sinn sem ég kem hér á skrifstofuna. Það er mjög mikilvægt fyrir mig sem kem ný inn á þetta svið að finna að hér er tekið á móti mér með opnum örmum og allir eru boðnir og búnir að aðstoða mig.



Sigurrrós flettir myndabók sem hún fékk að skilnaðargjöf frá foreldrum barnanna á leikskólanum



Útskriftarhópurinn úr Grunnmenntaskólanum ásamt starfsfólki Mímis

Grunnmenntaskólinn

## Ætla að sjá til með framhaldsnám

- segir Guðný Ólöf Reimarsdóttir

Ellefu nemendur voru útskrifaðir úr Grunnmenntaskólanum þann 28. mars sl. Hópurinn hóf námið í haust og við skólaslitin kom fram að nemendur hefðu sett sér þau markmið í upphafi að auka sjálfstraustið, efla færni í samskiptum og grunngreinum, stefna að frekara námi og njóta þess að vera til og þau hefðu öll náð þessum markmiðum. Grunnmenntaskólinn hóf starfsemi árið 2000 og þessi hópur er sá sjöundi sem hefur útskrifast þaðan frá upphafi.

Guðný Ólöf Reimarsdóttir vinnur á leikskólanum Bakkaborg í neðra Breiðholti og var í útskriftarhópnum. Hún sagðist hafa séð auglýsingu í leikskólanum frá Grunnmenntaskólanum og hún hefði vakið áhuga sinn. Ég gaf mér góð-



**Guðný segist vera stolt af því að hafa tekið þessa ákvörðun og námstíminn hafi verið frábær**

an tíma til þess að hugsa málið og ákvað svo að sækja um. Guðný segist vera stolt af því að hafa tekið þessa ákvörðun og námstíminn hafi verið frábær. Námið sé mjög vel skipulagt og samstarf kennara

og nemenda hafi verið mjög gott.

Næsta skref hjá mér er að fara til námsráðgjafa og svo ætla ég að sjá til með framhaldsnám, sagði Guðný Ólöf Reimarsdóttir að lokum.



# HVELLUR *í einum grænum*

Reiðhjólaverslun | Varahlutir | Verkstæði | Allt árið

## DISCOVERY

Demparar  
18 gíra Shimano

Tilboð  
**30%**

MIKIÐ  
ÚRVAL  
AUKAHLUTA

Verð aðeins:  
**18.814 kr.**

## KILDEMOES Classic Retro

7 gíra  
Fótbremsa  
Bretti  
Lokuð keðjuhlíf  
Bögglaberi  
Ljós með rafal  
Lás  
Standari  
Karfa

**55.000 -  
79.944 kr.**



Bubbi byggir

kr. 3.660



Baby Born

kr. 3.660



Sponge Bob

kr. 3.660

Pyskir hágæða reiðhjólahljálmar frá KED

## Þríhjól með stöng

Stillanlegt sæti  
Handbremsa  
Stýristöng



## Jafnvægishjól - best í byrjun

Stillanlegt sæti og  
stýri  
Standari



**8.919 kr.**



**10.815 kr.**



**13.905 kr.**

## BABY born

Stillanlegt  
stýri

**7.578 kr.**



# Get núna látið drauma mína rætast

- segir Alda Guðlaug Atladóttir



Það var nákvæmlega eins og ég væri að segja mína eigin sögu þegar ég hlustaði á reynslusögu annars nemanda á lesblindunámskeiðinu. Við að hlusta á þetta þá rann það upp fyrir mér að engin breyting hefur orðið á tækifærum lesblindra í skólakerfinu síðastliðin 40 ár, segir Alda Guðlaug Atladóttir sem nýlega var útskrifuð af lesblindunámskeiði í Mímisímenntun. Alda Guðlaug var valin til þess að segja reynslu sína í bréfi í lok námskeiðsins en þær reynslusögur eru jafnan áhrifaríkar við útskrift þeirra sem náð hafa tökum á lesblindunni. Saga hennar er jafn ótrúleg og margra annarra sem hafa tekist á við lesblinduna og náð árangri þrátt fyrir mikið andstreymi og skilingsleysi.

Alda Guðlaug Atladóttir vinnur á leikskólanum Seljakoti. Hún féllst á að segja okkur frá sinni reynslu af lesblindunni. Hún segist hafa verið samviskusamur nemandi og lært eins og brjálæðingur þegar hún var í grunnskóla. En það hafi ekki dugað til og hún hafi alltaf fengið undir fimm í einkunn í prófum. Hún segir líka að foreldrar sínir hafi reynt að fá aðstoð hjá skólanum til að hún fengi greiningu. En því hafi verið hafnað og sagt að lélegur námsárangur væri aðallega um að kenna af hennar hálfu. Samt var ég dregin úr tímum

fyrir augliti bekkjarfélaganna og látin vera ein með kennara til að læra betur íslensku og lestur. Alda segist hafa verið hálf vandræðaleg og krakkarnir hafi spáð mikið í af hverju hún var látin læra annars staðar. Í unglingadeild var bekkj-

**Ég var samviskusamur nemandi í grunnskóla og lærði eins og brjálæðingur en það dugði bara ekki til og ég fékk alltaf einkunnir undir fimm, segir Alda**

unum blandað saman og þeir sem voru proffar voru settir í einn bekk og tossarnir í annan bekk. Ég var sett í bekk með tossunum og sjálfsímynd mín og sjálfstraust var ekkert. Mér fannst ég bara vera heimsk ljóska sem hafði enga getu né hæfileika til neins.

## Hlustaði ekki á kennarana lengur og fór með hana í greiningu

Alda segir líka að stuttu áður en hún hætti í grunnskóla hafi móðir hennar ákveðið að hlusta ekki lengur á kenn-





arana og farið með hana í greiningu. Þá kom í ljós að ég var lesblind og stærðfræðiblind á háu stigi og skilningur minn var á við 10 ára gamalt barn.

En þetta var seint í rassinn gripið og hefur komið niður á námi sem ég stunda í menntaskóla.

Aðspurð um námið segist Alda hafa byrjað í skólanum fyrir fimm árum

og hún hafi þurft að taka flesta áfanga tvisvar eða oftár. Hún fái enga aðstoð nema lengri tíma í prófum og það gagnist henni ekki mikið. Ég hef reynt að fá upplestur í prófum eða munnlegt próf, en fékk þau svör að kostnaðurinn væri of hár.

Þegar Alda er spurð um námskeiðið segir hún að það hafi verið bæði gagn-

legt og skemmtilegt og samstarf nemenda og kennara hafi verið mjög gott.

Hún segir líka að sjálfstraustið hafi aukist mikið og hún sé mun jákvæðari núna gagnvart náminu í menntaskólanum og lífinu almennt. Ég stefni að því að útskrifast sem stúdent eftir eitt ár og þá get ég farið að láta drauma mína rætast, sagði Alda og brosti.



Ingibjörg Dan Ólafsson lét verða af því að sækja lesblindunámskeið

## Sé ekki eftir þeirri ákvörðun

Ingibjörg Dan Ólafsson vinnur í byggingarvinnu en starfaði áður hjá rafverktaka í fimm ár. Hann sagði að hann hefði lengi langað að læra rafvirkjun en lesblindan hefði dregið úr sér kjarkinn og ekkert hefði orðið af því. En kannski lét ég verða af því núna. Sjálfstraustið hefur aukist mikið og ég er mun jákvæðari eftir að ég fór á þetta námskeið.

Hann segir að sér hafi gengið ágæt-

lega að læra að lesa í skóla. En hann hafi átt í erfiðleikum með að einbeita sér við námið.

Þegar Ingibjörg er spurður hvort að hann hafi orðið fyrir einelti, segist hann ekki reka minni til þess og sennilega sé ástæðan sú að hann gat lesið og þessvegna hafi lesblindan ekki verið jafn áberandi hjá honum og börnum sem kunnu ekki að lesa. Hann greindist með lesblindu í níunda bekk og hafi ekki lesið bók síðan í tíunda bekk.

Aðspurður um námskeiðið segir Ingibjörg að hann hafi nokkrum sinnum látið skrá sig á lesblindunámskeið en alltaf hætt við á síðustu stundu. En núna lét ég verða af því að mæta og sé ekki eftir þeirri ákvörðun. Þetta hefur verið ótrú-

lega gagnlegur og skemmtilegur tími og það er aldrei að vita nema maður skelli sér í nám í húsasmíði eða rafvirkjun, sagði Ingibjörg Dan að lokum.

*Um miðjan mars voru 14 nemendur útskrifaðir af lesblindunámskeiði hjá Mími-símenntun. Námskeiðið ber yfirskriftina „Aftur í nám“ og er byggt á Ron Davis aðferðinni sem er beitt til þess að ná tökum á lesblindu. Tveir nemendur fluttu stutt ávörp og lásu m.a. kafla úr bréfum sem þeir höfðu skrifað um reynslu sína af lesblindu. Alda Guðlaug Atladóttir og Ingibjörg Dan Ólafsson segja hér á sinn hátt frá því hvaða áhrif lesblindan hafði á þau.*

**Aldrei að vita nema maður skelli sér í húsasmíði eða rafvirkjun**



### Umhverfisefning

## Starfsfólk Eflingar í vistverndarátaki!

Nú í vetur hefur hópur starfsfólks hjá Eflingu myndað vishóp sem fengið hefur nafnið Umhverfisefning. Hópur-

inn hittist reglulega og fer yfir ýmis mál sem tengjast umhverfismálum. Það sem fjallað hefur verið um í vetur er meðal

annars orkumál, innkaup, samgöngur og sorp. Umhverfisefningarfélagar hafa fengið ýmis heimaverkefni sem flest snúast um að mæla ýmislegt sem tengist vatnsnotkun, orkunotkun og sorpi. Þátttakendur eru sammála um að þetta hafi verið skemmtilegur og fróðlegur tími.

Allir hafa lært margt nýtt varðandi umhverfi sitt og hvernig við getum gengið betur og umhverfisvænni til verks við okkar daglegu störf bæði í vinnunni og heima fyrir. Þetta átak starfsfólks Eflingar er hluti af alþjóðlega umhverfisverkefninu „Global Action Plan for the Earth“ eða „Vistvernd í verki“ eins og það heitir á Íslandi.

Vistvernd í verki er alþjóðlegt umhverfisverkefni. Markmið verkefnisins er að styðja og hvetja fólk til að taka upp vistvænni lífsstíl skref fyrir skref á þeim hraða sem hver velur sér. Verkefnið er hið eina sinnar tegundar í heiminum svo vitað sé og hafa kannanir sýnt að það skilar miklum og varanlegum árangri í bættri umhverfismeðvitund og hegðun. Um 700 heimili hafa nú þegar tekið þátt í verkefninu á Íslandi. Verkefnið hefur fest sig í sessi í 19 löndum og er Ísland eitt þeirra.

### Heimsóknir í skóla

## Mikilvæg umræða um kaup og kjör

Það hefur oft verið skemmtilegt í tímum í vetur þegar starfsmenn Eflingar-stéttarfélags hafa heimsótt nemendur sem hafa setið tíma í lífsleikni í nokkrum framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu. Líflegar umræður hafa orðið til og margar spurningar vaknað við umræðu um launamál ungs fólks á vinnustöðum. Markmiðið er að kynna fyrir ungu fólki réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Í þessum heimsóknnum hefur komið í ljós að stór hluti nemendanna vinnur með skóla, allt frá nokkrum tímum um helgar upp í tvo til fjóra daga í viku.

Efling-stéttarfélag hefur litið á það sem skyldu að upplýsa unga fólkið þegar þau stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Mjög mikilvægt er að kynna þeim hvaða rétt þau eiga, kenna fólki að skoða launaseðla sína og fylgjast með að afdregnum gjöldum sé skilað. Eins er mikilvægt að kynna þeim þær skyldur sem þau hafa sem launafólk.



Fjóla Jónsdóttir ræðir við nemendur lönskólans

Það er alveg á tæru að mikil þörf er á að kynna ungu fólki í framhaldsskólum helstu réttindi og skyldur á vinnumarkaði þar sem mjög margir þeirra eru að

vinna mikið með skólanum og mörg dæmi um að fólk sé hlunnfarið þar sem það hefur ekki nægilega þekkingu á grunnréttindum sínum.





FABRIKÁN

**ils.is**

Allt sem þú þarft á að halda til  
að fara í greiðslumat og sækja  
um lán hjá Íbúðalánasjóði

**Grænt númer  
800 6969**

Þú getur hringt í þjónustuverið  
alla virka daga milli kl. 8 og 17

## Íbúðalánasjóður er til aðstoðar

**Netsamtal**

Nú er hægt að komast í beint samband við ráðgjafa Íbúðalánasjóðs með því að smella á **Netsamtal á ils.is** alla virka daga milli kl. 8 og 17.

Reiknaðu dæmið til enda og finndu bestu lánasamsetninguna fyrir þig. Þú finnur reiknivélarnar á **ils.is**.

**Fyrirspurn í tölvupósti**

Þú getur líka sent okkur fyrirspurn í tölvupósti hvenær sem er á netfangið **fyrirspurn@ils.is**.

Við svörum þér eigi síðar en næsta virka dag

**Hafðu samband við okkur.  
Við tökum vel á móti þér.**

**www.ils.is**

Borgartúni 21, 105 Reykjavík  
Sími: 569 6900, Fax: 569 6800

**Íbúðalánasjóður fyrir alla**

Íbúðalánasjóður

Ný leið í starfi með innflytjendum

# Léttir og umbun

- segir Gunhild Riske um áhrif mentorverkefnisins



Gunhild Riske

„Eiginlega á hugmyndin að þessu árangursríka verkefni rót að rekja til Kaliforníu, þar sem ég bjó um tíma. Þar kynntist ég því hvernig ungar konur af öðrum uppruna en hvítum, bókstaflega blómstruðu þegar þær fengu tækifæri til að vinna með leiðtogum í fyrirtækjum úr hópi hvíttra einstaklinga,“ segir Gunhild Riske í samtali við Eflingarblaðið. Gunhild á að baki mikið frumkvöðlastarf í Danmörku fyrir hönd mentorverkefnis þar í landi. Mentorar eru eins konar lærimæður eða jafningjar, annar frá heimalandinu og hinn innflytjandi, oft af öðrum kynþætti og með ólíkan menningarlegan og trúarlegan uppruna. Flest verkefnið í Danmörku tengjast konum. Mentorverkefnið er komið til Íslands þar sem það er þegar farið að hafa áhrif á starfsemi með innflytjendum hér á landi. Gunhild segir okkur nánar frá þessu hér í viðtalinu á eftir.

**Mentorverkefnið hefur skilað gríðarlegum árangri í Danmörku og nú eru nokkur þúsund manns í svona verkefnum í heimalandi mínu, segir hún. Flest eru tengd konum.**

Það er þessi ósýnilega þekking sem er við lýði á öllum starfssviðum og öllu mannlegu lífi sem er svo auðvelt að koma til skila í samskiptum milli tveggja einstaklinga. Þegar tvær persónur líta á hvor aðra sem jafningja og bera gagnkvæma virðingu fyrir hvorri annarri, þá ertu búinn að opna dyrnar að hálfu. Þegar ég kom til Danmerkur eftir búsetu erlendis, þá sá maður svo vel að stórir hópar voru einangraðir og komust alls ekki inn í danskt samfélag. Allt er þetta fólk eins og þú og ég þegar grannst er skoðað. Menntun þess og þekking er oft á tíðum á háu stigi og það getur miðlað miklu til samfélagsins um leið og við bara opnum dyrnar og bjóðum því inn.

## Hvaða smáu hluti í daglegu lífi ertu að tala um?

Hinir ósýnilegu hlutir daglegs lífs eru svo ótrúlega margir, þeir sem okkur finnst sjálsagðir af því við erum alin

upp við fastar venjur á því hvernig hlutir eru gerðir. Þú getur tekið bara lítið atriði eins og að fara í bankann eða í stórmarkaðinn, hvernig við notum tungumálið. Hlutverk mentorsins er m.a. að koma þessu til skila. Það hefur komið í ljós að fjölmargar konur í Danmörku eru algerlega háðar eiginmanni sínum og fjölskyldu hans. Hann er lykillinn að öllum samskiptum við aðra. Þetta er alls ekki gott, hvorki fyrir konuna né aðra. Í mörgum tilvikum er um vel menntaðar konur að ræða sem geta starfað á sínu sviði ef þær fá aðstoð til að komast inn í rétt umhverfi og tengjast rétta fólkinu. Þarna getur mentorverkefnið komið til skjalanna og mentorinn hjálpað til við að koma þekkingu á framfæri og aukið möguleikann á góðri aðlögun að landi og þjóð.

## Út úr einskisnýtri pólitískri umræðu

Mentorverkefnið þar sem tveir einstaklingar skiptast á þekkingu og upplýsingum hjálpar okkur líka út úr pólitískri umræðu sem leiðir ekki neitt af sér nema neikvæðni. Við getum tekið dæmi um múslima í Danmörku sem stöðugt þurfa að taka þátt í umræðu þegar um sjálfsvígssprengingar einhvers staðar í heiminum er að ræða. Þannig eru þeir neyddir í varnarstöðu sem þeir eiga engin þátt í að skapa. Í mentorverkefninu



er eingöngu verið að horfa á einstaklinginn og hvernig tveir einstaklingar geta hjálpað hvor öðrum til meiri skilnings á aðstæðum hvors annars. Einstaklingar geta þannig haft sömu áhugamál svo sem garðyrkju eða tónlist þegar við horfum fram hjá því að þeir eru múslimar.

### Vekur vonir um aukna bjartsýni

Mentorverkefnið hefur skilað gríðarlegum árangri í Danmörku og starfa nú nokkur þúsund manns við slík verkefni í heimalandi mínu, segir hún. Flest eru tengd konum og nefndi hún dæmi um félagsliða, hjúkrunarfólk og lækna svo dæmi séu tekin úr heilbrigðiskerfinu. Bæði stjórnvöld og sveitarfélög styðja við verkefnið en allir einstaklingar sem taka að sér að vera mentorar eru sjálfbóðaliðar. Við sjáum það að einangrun fólks í röðum innflytjenda endar oft með þunglyndi og sjúkdómum og börn innflytjenda eru í mun meiri hættu á að gefast upp í skóla og þannig er meiri hættu á að þeim farnist ekki nógu vel eftir það í lífinu. Allt þetta vekur vonir um aukna bjartsýni meðal þeirra sem fást við innflytjendamál.

### Eitthvað sérstakt sem vakti þig til vitundar um nauðsyn þess að sinna innflytjendum?

„Já, það má segja að þegar ég flutti til Danmerkur frá Kaliforníu varð mér vel ljóst að landar mínir eru margir ekki nægilega tillitssamir og sumir myndu segja jafnvel ruddalegir miðað við hvernig fólk kemur fram t.d. bara á götunni eða í verslunum í Bandaríkjunum. Það vantar oft brosið og góðu framkomuna hjá Dönum og þegar ég fór að huga að innflytjendamáli, þá sá ég hve einangraðar margar konur voru og áttu aldrei neinn möguleika í dönsku samfélagi. En það eru líka margar konur tilbúnar að vinna með þeim. Við höfum fundið leið til þess. Margt fólk í Danmörku vill líka taka þátt í jákvæðu samstarfi við innflytjendur og mentorverkefnið er kærkominn lykill í þessu efni.“

### Að endurgjalda

„Það er svo auðvelt að taka neikvæða afstöðu í öllum málum,“ segir Gunhild. „Þær konur sem taka þátt í mentorverkefnum, hafa sumar hverjar jafnvel fengið spurningar um það hvort það sé eitthvað að heima fyrir eða hjá þeim sjálfum, að vilja eyða tíma með útlendingum og skiptast á upplýsingum og skoðunum. Það er einfalt svar við því hvers vegna það hefur orðið sprenging í þessu verk-

efni. Fólki líður mjög vel með að taka þátt í þessu, það finnur fyrir ákveðinni umbun og létti á báða bóga. Stundum endar þetta samstarf með heimboðum og vináttu sem getur staðið um ókomna tíð. Með þessari stórkostlegu leið erum við að opna dyr að samfélaginu, leið að betri störfum og menntun, leið að því að gera samfélagið betra en það er,“ seg-

ir þessi bjartsýni frumkvöðull, Gunhild Riske.

*Gunhild Riske hefur á undanförunum árum unnið að brautargengi mentorverkefnisins í Danmörku. Hún er jafnframt mannfræðingur og blaðamaður og hefur skrifað ferðabækur m.a. um London og fleiri borgir í heiminum.*



Félagsvinakerfi fyrir konur af erlendum uppruna

## Mjög gaman að ræða saman

- segir Deborah Tanupan

Það var mjög gaman að tala saman allan daginn um félagsvinakerfið, segir Deborah Tanupan, en félagsskapurinn *Allar heimsins konur efndu til námsstefnu í Skíðaskálanum í Hveradölum í byrjun mars um mentorakerfi fyrir konur af erlendum uppruna, sem eru búsettar hérlendis. Fyrirlesarar voru frá Íslandi, Danmörku og Svíþjóð og fjölluðu m.a. um hvernig á að setja upp mentoranet, félagsvinakerfi sem opnar leið inn í samfélagið og vinnumarkaðinn. Einnig var rætt um þarfir starfsmanna og vinnustaða og stuðningsfjölskyldur RKÍ.*

Deborah Tanupan vinnur við umönnun á Droplaugastöðum og var í hópi fjölda kvenna sem tóku þátt í námsstefnunni. Hún segir að margt athyglisvert hafi komið fram í fyrirlestrum sem tengist því að aðstoða útlendinga sem hafa áhuga á að afla sér menntunar eða leita að áhugaverðu starfi.

Deborah hóf störf í eldhúsinu á Drop-

laugastöðum fyrir átta árum. Eftir að hafa unnið þar í eitt ár hafi hún farið í fæðingarorlof. Þegar því lauk fór hún að vinna við umönnun og hefur sinnt því starfi síðan. Um miðjan janúar hóf hún nám í félagsliðabrá fyrir erlenda starfsmenn í umönnun. Námið tekur tvö ár og það er búið að vera rosalega gaman að umgangast útlendinga af öðru þjóðerni og tala saman á íslensku, segir hún.

Deborah segir að m.a. hafi komið fram í fyrirlestrum að hún geti fengið aðstoð frá mentor eða félagsvini við námið og kannski eigi hún eftir að notfæra sér það. Hún segir líka að eingöngu konur hafi tekið þátt í námsstefnunni og sér hafi fundist mjög gaman að ræða saman heilan dag með þeim og taka þátt í umræðum um félagsvinakerfi fyrir konur af erlendum uppruna sem eru búsettar hér.

*Deborah er gift Gunnari Filipssyni og þau eiga son sem er sjö ára og heitir Samúel Björn.*



Ferðir Eflingar-stéttarfélags til Helsinki, St. Pétursborgar og Tallinn seldust upp á rúmlega tveimur tímum á fyrsta degi þegar opnað var fyrir bókanir í ferðirnar. Það komust mun færri að en vildu. Sæti voru fyrir 100 manns sem seldust upp en auk þess eru milli 20 og 30 manns á biðlista.

Sumarferð félagsins á Strandir seldist upp á fáeinum klukkutímum og þar er einnig biðlisti. Fimmtíu sæti voru í boði í þessa ferð sem er sami fjöldi og fór í samskonar ferð í fyrra en hún seldist einnig upp þá á skömmum tíma.

Enn eru laus sæti í ferðina um Vatnsnes og Skaga og verið er að undirbúa dagsferðirnar sem verða væntanlega 1. og 8. september. Þeim ferðum er heitið um Suðurland en það verður nánar auglýst síðar.

Það er sem sé vinsælt að ferðast með Eflingu og gott að hafa í huga að bóka sig snemma í ferðir svo maður missi ekki af þeim!!!

**Enn eru laus sæti í ferðina um Vatnsnes og Skaga og verið er að undirbúa dagsferðirnar sem verða 1. og 8. september. Sjá bls. 38.**



Það var örtröð þegar skráð var í ferðina til St. Pétursborgar



For your summer vacation!

# More offers in Copenhagen

... and so many places in Iceland



The conveniently situated apartment of Efling in Hans Hedtoftsgade in Copenhagen

**This year Efling has new offers for union members in Copenhagen and at the same time there are new holiday possibilities here in Iceland. Efling has 47 holiday houses all around the country, as well as four trailer-tents/campers. The houses have most household appliances like refrigerator, stove, kitchen appliances, television, duvets, pillows as well as cleaning equipment. Guests bring their own towels, dishcloths, rags, duvet covers, sheets, toilet paper and hand soap.**

Efling has also rented three apartments in the center of Copenhagen only ten minutes walk from The Tivoli Gardens.

## Full responsibility

Those members renting holiday houses take full responsibility for the houses, furniture and everything that comes with them. The holiday houses are to be returned in good, clean condition. If that is not done the cleaning will be charged to the person that has rented it.

## First come - first serve for summer 2007

If no applications are for a particular

week after the first and second distribution of holiday weeks, the holiday houses will be distributed according to a special advertisement regardless of the point system. Those interested need to come to the union's office on May 18th and then first come, first serve basis applies.

## Trips in Iceland - still available

In the trip to Vatnsnes and Skagi

on the 28th till 30th of June there are still available seats. If interested please contact the Efling union office. There is also a very popular day trip in the autumn which will be advertised at a later date.

So please read all about it in the Efling magazine og check on our web site [www.efling.is](http://www.efling.is) and of course you are always welcome to visit our office in Sætún 1 for further information.

Orlofssumarið er komið

## Mikilvægar tímasetningar 2007!!!

|           |                                                                                       |
|-----------|---------------------------------------------------------------------------------------|
| 2. maí    | Sumar 2007 síðasti greiðsludagur                                                      |
| 7. maí    | Sumar 2007 önnur úthlutun                                                             |
| 14. maí   | Sumar 2007 síðasti greiðsludagur 2. úthlutunar                                        |
| 18. maí   | Fyrstur kemur - fyrstur fær                                                           |
| 4. júní   | Kaupmannahöfn - skráning hefst fyrir haustið 2007                                     |
| 2. júlí   | Dagsferðirnar 1. og 8 sept. - skráning hefst                                          |
| 13. ágúst | Sumarhús innanlands - skráning hefst fyrir haustið 2007 og Kaupmannahöfn eftir áramót |

Vakin er athygli á því að í öllum skráningum sem fram fara á skrifstofu ganga þeir fyrir sem fyrstir mæta þegar skrifstofan opnar kl. 8.15 og fá afhent númer.



# Sjúkrasjóður mótar skýra stefnu

*Um forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir og jafnræði*

Á aðalfundi nú liggja fyrir breytingatillögur á reglugerð Sjúkrasjóðs sem auka réttindi félagsmanna en á síðustu tveimur árum hafa réttindi til dagpeninga verið mjög aukin. Helstu breytingar á reglugerðinni eru þær að réttindi sjóðfélaga til styrkja verða miðuð við 6 mánaða samfellda aðild að sjóðnum í stað 12 mánaða áður. Með þessari breytingu er sjóðurinn í fyrsta lagi að koma til móts við allan þann fjölda sjóðfélaga sem hefur verið að fara ýmist inn og úr félaginu á skömmum tíma vegna þenslunnar á vinnumarkaðinum og í annan stað er verið að taka aukið tillit til fólks sem kemur úr öðrum félögum svo sem af landsbyggðinni.

Réttindi sjóðfélaga til styrkja sem hættir eru störfum vegna aldurs eða örorku er lengdur úr 12 mánuðum í 24 mánuði.

Dánarbætur virks og greiðandi sjóðfélaga, sem greitt hefur verið af í a.m.k. 6 mánuði verður að lágmarki kr. 180.000,- miðað við fullt starf, en áður var greitt að hámarki kr. 60.000,- ef sjóðfélagsaðild var eitt ár.

Vegna starfsendurhæfingar hefur sjóðurinn haft heimild til að greiða í allt að þrjá mánuði, en nú verður heimilt að greiða lengur. Til jafnaðar hafa þrír einstaklingar verið styrktir til starfsendurhæfingar á ári í þrjá mánuði hver, eða um sem nemur 360.000,- krónum á hvern sjóðfélaga.

## Styrkir hækka

Um síðustu áramót hækkuðu nokkrir styrkir, svo sem vegna endurhæfingar, krabbameinsskoðunar og Hjartaverndar. Því til viðbótar hefur stjórn Sjúkrasjóðs lagt til að eftirfarandi styrkir verði hækkaðir frá og með 1. maí n.k.:

- **Sjúkra- og endurhæfing** og vegna dvalar á Heilsustofnun hækkar um 50% og verður greitt allt að 75% af kostnaði, fari úr kr. 1.000,- pr. skipti eða í dag í kr. 1.500,-
- **Heilsuefling** (líkamsrækt og fleira) hækkar um 20% og fari úr kr. 10.000,- í kr. 12.000,-
- **Gleraugnastyrkur** hækkar um 25% eða úr kr. 8.000,- í kr. 10.000,-
- **Krabbameinsskoðun karla.** Greitt verði allt að kr. 4.500,-
- **Sálfélagsleg viðtalsmeðferð.** Hækkar úr kr. 2.500,- pr. skipti í kr. 3.000,- og greitt verður í allt að 15 skipti í stað 10 skipta áður.
- **Nýmæli.** Greining. Greitt verði vegna greiningar á lesblindu og göngugreiningar allt að kr. 15.000,- eða 50% af kostnaði.

## 154 milljónir í styrki árið 2007

Styrkir afgreiddir af stjórn Sjúkrasjóðs á árinu 2007 námu um 154,4 milljónum króna en voru liðlega 116 milljónir króna á árinu 2006 og er hækkun því um 38,3 milljónir króna eða um 33,3%. Þar af eru sjúkradagpeningar um kr. 131 milljón eða tæp 84% af heildarupphæð, en aðrir styrkir námu kr. 23,6 milljónum eða liðlega 15%.

Á síðasta aðalfundi félagsins var samþykkt að miða tekjutengingu dagpeninga við sex mánuði í stað tólf mánaða áður. Þessi breyting leiddi til um 15% hækkunar á dagpeningum frá og með 1. júlí 2006.

## Fjölskyldu- og styrktarsjóður

Styrkir Fjölskyldu- og styrktarsjóðs Eflingar stéttarfélags á árinu 2006 námu alls kr. 32,3 milljónum króna á móti kr. 23,4 árið 2005, sem nemur ríflega 38% hækkun milli ára.

Til viðbótar við að tekjutengdir dagpeningar vegna veikinda eða slysa sjóðfélaga miðast nú við þrjá mánuði lengdist dagpeningaréttur í veikindum barna úr þremur mánuðum að hámarki í sex mánuði og í veikindum maka úr tveimur mánuðum í þrjá.

## Alls um 4100 úthlutanir á árinu

Alls voru greiddir um 4.100 styrkir úr öllum þremur sjúkra- og styrktarsjóðum félagsins á árinu 2006 sem er fjölgun um 200.



ÞÚ GETUR FARIÐ  
HVERT SEM ER ...



## MEÐ MASTERCARD FERÐAÁVÍSUN



Sæktu um MasterCard kort með ferðaávísun hjá þínum banka eða sparisjóði og þú færð 5.000 kr. stofnávísun.

Í hvert skipti sem þú notar kortið þitt hækkarðu næstu ávísun og getur notað hana til að lækka ferðakostnaðinn. MasterCard ferðaávísun gildir sem greiðsla upp í allar ferðir til útlanda og innanlands líka.

Netflug, viðskiptaferðir, borgarferð eða sumarfrí á sólarströnd með fjölskyldunni. Þitt er valið. Nýttu þér ferðafrelsið sem ferðaávísun MasterCard veitir þér og sæktu um kort strax í dag.

Nánari upplýsingar á [kreditkort.is](http://kreditkort.is).



Fyrsta kröfugangan 1923

## Fámenn ganga en bætt upp með kvenfólki og strákalyð

- sagði hægri pressan

Þessi mynd er tekin eftir gömlu bréfsjaldi sem Efling á í fórum sínum.

Myndin sýnir vel hve mikill mannfjöldi var í þessari fyrstu kröfugöngu 1. maí í Reykjavík. Safnast var saman við Báruhúsið í Vonarstræti 16 og gengið þaðan upp á Skólavörðuholt og niður Skólavörðustíg og Ingólfsstræti. Úti-

fundurinn var haldinn á lóð fyrirhugaðs Alþýðuhúss á horni Ingólfsstrætis og Hverfisgötu.

28 hvít kröfuspjöld voru borin og Lúðrasveit Reykjavíkur lék fyrir í broddi fylkingar.

Veður var gott 5 stiga hiti og hæg suðvestan átt og skýjað.

Hægri pressan gerði lítið úr göngunni, sagði hana hafa verið heldur fámenna og bætt upp með kvenfólki og strákalyð. Myndir sem til eru af göngunni sýna greinilega mikinn mannfjölda.

Bréfsjaldið er prentað ári síðar hjá Gutenberg 1924 og gefið út af verkalyðsfélögunum.

**Safnast var saman við  
Báruhúsið í Vonarstræti  
16 og gengið þaðan upp á  
Skólavörðuholt og niður Skóla-  
vörðustíg og Ingólfsstræti**





# 1. maí 1966

1. maí 1966 var safnast saman á Hlemmi, nánar tiltekið undir Útvegsbankanum og gengið þaðan niður Laugaveg og Bankastræti. Stundum var tekinn smá krókur og gengið Ingólfsstræti fram hjá Alþýðuhúsinu og niður Hverfisgötu. Útifundurinn var á Lækjartorgi eins og alltaf á þessum árum. Vedrið hæg suðvestan átt, tæplega 8 stiga hiti og rigning.

1966 var mikið afmælisár. Verkamannafélagið Dagsbrún varð 60 ára 26. janúar og Alþýðusamband Íslands átti 50 ára afmæli 12. mars.







Jón Unnar Jóhannsson er fyrsti karlmaðurinn í heimaþjónustu sem útskrifast af félagsliðabrénni

Félagsliðar er faghópur sem er að vaxa og dafna og þeim fjölga ár frá ári. Nám félagsliða miðar að því að gera hóp starfsmanna hæfari til að annast og veita umönnun öldruðum og fötluðum. Námið var unnið að danskri fyrirmynd þar sem Danir hafa á undanförunum árum lagt æ meiri áherslu á að virða og meta hina félags- og samskiptalegu hlið umönnunar og þar með að líta á þá sem umönnunar njóta sem samfélagslega mikilvæga einstaklinga.

Félagsliðanám í fullri lengd er kennt í Borgarholtsskóla og er samtals 78 einingar. Nám og kennsla á félagsliðabraut

skiptist í almennar bóklegar greinar svo sem aðstoð og umönnun, félagsfræði, félagslega virkni, heilbrigðisfræði, næringarfræði, sálfræði og fleira. Einnig eru kenndar valgreinar eftir því hvort fólk vinnur við umönnun aldraðra eða fatlaðra. Þá er jafnframt skipulögð fjögurra mánaða starfsþjálfun sem fram fer á stofnunum. Félagsliðabré er bæði kennd í Mími-símenntun og Borgarholtsskóla en þá er metin reynsla fólks á vinnu-markaði og lífaldur.

Útskrifaðir félagsliðar eru nú taldir hátt í 300 og er fjölmennasti hópurinn félagsmenn Eflingar-stéttarfélags sem starfað hafa um árabil við umönnun.

Þeir höfðu lokið viðurkenndum fagnámskeiðum og höfðu því möguleika á að ljúka félagsliðanám með „brúarleið“. Þessi hópur hefur ýmist starfað við heimaþjónustu eða við umönnun á hjúkrunarheimilum.

Með innkomu félagsliða verður heimaþjónustan fjölbreyttari og öruggari fyrir þann fjölmenna hóp sem hennar þarfnast. Þannig leiðir öruggari og vandaðri heimaþjónusta til þess að fólk geti búið lengur heima og notið sín betur sem einstaklingar. Í fjölmörgum skoðanakönnunum meðal aldraðra vilja flestir búa sem lengst heima og njóta þess stuðnings sem best er völ á. Félagsliðar eru mikilvægur hlekkur í þeirri keðju.

Á hjúkrunarheimilum þar sem manna-breytingar hafa verið örar er félagsliðamenntun fjársjóður því að fólk skiptir síður um vinnu ef það hefur öðlast menntun við hæfi.

Mikilvægi félagsliða er ótvírætt og eru þeir svo sannarlega komnir til að vera og munu veita ómetanlegan samfélagslegan stuðning öldruðum og fötluðum til hagsbóta og betra lífs.

Nýir hópar eru að bætast í námið á hverri önn og eflist félagsliðahópurinn því stöðugt. Þetta nám er janframt styrkt af starfsmenntasjóðum Eflingar-stéttarfélags.

## Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast  
gerið skil hið fyrsta og forðist  
vexti og kostnað.



**INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA**

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kt. 530372-0229 • [www.medlag.is](http://www.medlag.is)  
Banki 0111-26-504700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101



Nú hefur myndast nýr meðbyr í persónulegri fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki



BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | [www.byr.is](http://www.byr.is)



Rósa Þorsteinsdóttir og Lilja Guðmundsdóttir fengu sér kaffi meðan þær biðu eftir að útskriftin hæfist

## Maturinn fjölbreyttari og hollari

- segir Rósa Þorsteinsdóttir

Jathuporn Premvirut

## Námið kom strax að góðum notum

Jathuporn Premvirut hefur unnið í eldhúsi á LHS í þrjú ár og er fyrsti karlmaðurinn sem útskrifast af fagnámskeiði fyrir starfsfólk í eldhúsum og mötuneytum. Jathuporn segist hafa frétt af námskeiðinu á vinnustað sínum og ákveðið að sækja um. Hann segir líka að það hafi komið sér á óvart þegar honum var sagt að hann væri fyrsti karlmaðurinn sem hefði sóst eftir því að fara á námskeiðið. En ég er ánægður að hafa látið verða af því, segir hann. Námið kom strax að góðum notum í starfi mínu og svo hefur námstíminn verið mjög skemmtilegur.

Þegar Jathuporn er spurður hvort ekki hafi verið erfitt að vera eini karlmaðurinn í hópnum svarar hann neitandi. Mér finnst að ég hafi frekar hagnast á því vegna þess að konurnar kenndu mér heilmikið í matreiðslu og ég fékk margar góðar uppskriftir hjá þeim, sagði Jathuporn og brosti.



Jathuporn Premvirut þáði veitingar eins og aðrir nemendur og gestir sem voru viðstaddir útskriftina

Rósa Þorsteinsdóttir matráður á leikskólanum Tjarnarborg er í hópi nemenda sem voru útskrifaðir af fagnámskeiði 3. Hún er ánægð með námskeiðið og segir gaman að hitta konurnar aftur sem voru með henni á fyrri námskeiðunum. Næringarfræði var stór hluti af náminu eins og áður og örverufræði. Svo voru námsgreinar eins og matur og menning, matseðlagerð og verkleg kennsla í matreiðslu nokkuð fyrirferðamiklar á námstímanum, segir hún.

Rósa segir að öll námskeiðin hafi komið að miklu gagni og matseðillinn sem hún útbýr á leikskólanum sé mun fjölbreyttari og maturinn hollari núna. Því til staðfestingar segir hún að tvö kvöld hafi farið í að kenna þeim að matreiða grænmetisrétti. Það varð til þess að ég reyni að nota sem mest af fersku hráefni. Svo skiptast konurnar á uppskriftum og við fáum líka mikið af uppskriftum á námskeiðunum og þær nýtast okkur vel í starfinu, sagði Rósa að lokum.

Tuttugu og níu nemendur voru útskrifaðir af tveimur fagnámskeiðum fyrir starfsfólk í eldhúsum og mötuneytum þann 21. mars í Menntaskólanum í Kópavogi. Námið hófst síðastliðið haust og þetta var í fyrsta skipti sem tveir hópar eru útskrifaðir í einu. Sextán

nemendur voru útskrifaðir af fagnámskeiði 1 og 2 og var einn karlmaður í hópnum í fyrsta skipti. Á síðasta ári var ákveðið að bæta við fagnámskeiði 3 og voru 13 konur útskrifaðar sem hófu námið á haustönn. Tveir áfangar, 32 kennslustundir voru kenndir fyrir

áramót og þrír áfangar, 48 kennslustundir eftir áramót. Þeir sem ljúka fagnámskeiði 3 og hafa lokið Fagnámskeiði 1 og 2 í MK hafa því lokið tólf framhaldsskólaeiningum og 200 kennslustundum.





Skólameistari og aðstandendur námsins ásamt Faghópi 2 sem útskrifaðist hjá MK



Faghópur 3 ásamt skólameistara og kennurum



Reynisfjara við Dyrhólaey

Taktu frá 1. eða 8. september

## Dagsferðir Eflingar **um Suðurströndina**

Nú er komið að því að skoða haustferðina innanlands, hvort ekki sé rétt að bregða sér í Dagsferðir Eflingar sem alltaf eru sívinsælar á þessum árstíma. Ákveðið hefur verið að bjóða upp á tvær dagsetningar þar sem mikil aðsókn hefur verið að þessum ferðum undanfarin ár. Haustlitirnir njóta sín vel fyrstu helgarnar í september og þá er enn milt veður þannig að 1. og 8. september eru ferðadagarnir í ár.

Farið verður um suðurströndina. Fyrst verður farið austur í Mýrdal þar sem

**Ferðadagar eru 1. og 8. september. Innritun hefst 2. júlí n.k. á skrifstofu Eflingar eða í síma 510 7500.**

**Verð kr. 3000.-**


skoðaðar verða náttúruperlur og þaðan í Þakgil, þar sem útbúin hefur verið góð aðstaða fyrir ferðamenn. Þar borða ferðalangar nestið sitt í skjólgóðum helli og þar er einnig góð salernisaðstaða.

Aðrir staðir sem skoðaðir verða eru hellarnir í Reynishverfi, sem sumir eru gerðir af mannahöndum og aðrir eru einstök náttúruundur. Einnig Dyrhólaey, þar sem eitt sinn var byrjað á hafnarframkvæmdum fyrir Suðurlandshöfn.

Ef tími leyfir verður staldrað við á fleiri stöðum og má þar nefna Urriðafoss í Þjórsá, sem að gert er ráð fyrir að hverfi ef virkjað verður í neðri hluta Þjórsár.

Á heimleiðinni verða kaffiveitingar á Hótel Selfoss.





BORGARNES KJÖTVÖRUR - alltaf þegar þú vilt hafa það betra...!

# grillkjöt

best á grillið...

FRAMLEIÐANDI: BORGARNES KJÖTVÖRUR

Trúnaðarmenn

# Framhaldsnámskeið er nauðsyn

- segir Vania V. Koleva

Ég hef lært að takast á við ýmis mál sem snerta starf mitt sem trúnaðarmaður á vinnustað og núna hef ég miklu meiri þekkingu til þess að aðstoða við að leysa ýmis mál sem upp kunna að koma, segir Vania V. Koleva sem var á framhaldsnámskeiði fyrir trúnaðarmenn hjá Eflingu fyrir nokkru síðan. Ég fór í íslenskunám fyrir erlenda stúdenta í Háskóla Íslands sl. haust og stefni á að útskrifast með BA-próf, en það þýðir ekki að ég hætti að vinna á leikskólanum, sagði Vania og brosti.

Vania V. Koleva er leiðbeinandi á leikskólanum Maríuborg og var í hópi þátttakenda á trúnaðarmannanámskeiði II sem haldið var nýlega í fræðslusetri Eflingar. Vania tók við starfi trúnaðarmanns fyrir tveimur árum og segir að reynslan af starfinu hafi sannfært sig um nauðsyn þess að fara á trúnaðarmannanámskeið hjá Eflingu. Ég fór á trúnaðarmannanámskeiði I í fyrra og ákvað svo að fara á seinna námskeiðið þegar ég sá það auglýst, segir hún.



Vanja V Koleva vinnur á leikskólanum Maríuborg

Vania segir að námsefnið sé mjög fjölbreytt og skemmtilegt og fjalli m.a. um réttindi og skyldur trúnaðarmanna, kjarasamninga, fræðslumál, sjúkrasjóð,

orlofssjóð og fleiri þætti í starfsemi félagsins. Síðan er farið í ýmsa þætti mannlegra samskipta og þetta er allt mjög lærdómsríkt, segir hún.



Traustur hópur á framhaldsnámskeiði trúnaðarmanna





Ánægður hópur trúnaðarmanna í lok námskeiðs

Trúnaðarmannanámskeið

## Nauðsynlegt að fylgjast vel með

- segir Óskar Þór Þórðarson



Aðbúnaður og vinnuaðstaða fyrir starfsfólk á Fridays er nokkuð góður og það hefur ekki reynt mikið á trúnaðarmannastarfið fram að þessu, segir Óskar Þór Þórðarson, sem vinnur í eldhúsinu á Friday's í Smáralind. En ég tel samt nauðsynlegt að fara á þetta námskeið og fylgjast vel með því sem verið er að fjalla um. Maður veit aldrei hvenær erfið mál koma upp á vinnustaðnum sem þarf að leysa og þá kemur þekking og reynsla að góðum notum. Ólafur segir að starfsfólkið á Friday's sé allt ungt fólk og fæstir hafa mikla vitneskju um réttindi sín.

Óskar Þór Þórðarson sótti námskeið fyrir trúnaðarmenn sem var haldið í Fræðslusetri Eflingar vikuna 19. til 23. mars.

Hann hefur unnið í eldhúsinu í fjögur ár og verið trúnaðarmaður jafn lengi.

Vinnudagurinn hjá mér á Friday's hefst klukka tíu á morgnana og lýkur klukkan átta á kvöldin. Svo á ég frí á fimmtudögum og þriðju hverja helgi. Þannig að þetta er mikil vinna og henni fylgir líka mikil ábyrgð, segir hann.

Pegar í ljós kom á námskeiðinu að trúnaðarmaður á rétt á því að halda starfsmannafundi, ákvað ég að halda fund á vinnustaðnum fljólega og upplýsa vinnufélaga mína um ýmis mál sem fjallað var um á námskeiðinu, sagði Ólafur að lokum.

Úthlutun úr Guðrúnarsjóði

# Kemur sér mjög vel

- segir Jóhanna Georgsdóttir



Aðstandendur sjóðsins og styrkþegar við afhendinguna

Ég er afskaplega ánægð með að hafa fengið þennan styrk og það þarf vart að taka það fram að hann kemur sér einstaklega vel. Ég hafði ákveðið að fara með nokkrum samstarfskonum til Minneapolis í Bandaríkjunum í haust til þess að kynna mér starfsemi hjúkrunarheimila og þetta kemur sér vel í sambandi við þá ferð og námskostnaðinn, segir Jóhanna Georgsdóttir, sem á dögunum fékk styrkveitingu úr Guðrúnarsjóði en hún var meðal tíu styrkþega úr sjóðnum að þessu sinni.

Jóhanna Georgsdóttir, hefur unnið við umönnun á Seljahlíð í rúm tuttugu ár og stundar nám í félagsliðabru með fullu starfi.

Við vonumst til að þetta verði afskaplega fræðandi ferð til Minneapolis og okkur gefist þar tækifæri til þess að skoða hjúkrunarheimili til að víkka sjóndeildarhringinn. Aðspurð um námið segir Jóhanna að það sé mjög gefandi og skemmtilegt. Ég byrjaði á fyrstu önn



Júlíus Vifill afhendir Jóhönnu Georgsdóttur styrkinn

í félagsliðabruinni í haust og lýk við aðra önn í vor. En námið er alls fjórar annir og klárast á tveimur árum, segir hún.

Þegar Jóhanna er spurð hvernig gangi að samræma vinnuna og námið segir hún að það sé stundum erfitt. Ég fer í skólann tvo daga í viku frá hálf fimm til hálf átta og ef ég er á kvöldvakt mæti ég aftur í vinnuna, sagði Jóhanna að lokum.

**Við vonumst til að þetta verði afskaplega fræðandi ferð til Minneapolis og okkur gefist þar tækifæri til þess að skoða hjúkrunarheimili til að víkka sjóndeildarhringinn**

*Nýlega var úthlutað tíu námsstyrkjum úr Guðrúnarsjóði, en sjóðurinn var stofnaður á síðasta ári í samstarfi við Eflingu í tilefni af sjötugsafmæli Guðrúnar Halldórsdóttur, fyrrverandi skólustjóra Námsflokka Reykjavíkur. Ætlunin er að úthluta styrkjum úr sjóðnum árlega og í hópi þeirra sem hlutu styrk að þessu sinni eru einstæðar mæður og ungmenni aferlendum uppruna.*





Lestrar- og ritstuðningur

## Mikilvægt að fá hjálpartæki

Á nýjum geisladiski er hægt að nálgast upplýsingar um hjálpartæki fyrir fólk sem á við lestrar- eða ritörðugleika að stríða. Á disknum má finna viðtöl við fólk sem fundið hefur tæknilegar lausnir og aðferðir sem hjálpa þeim við vinnu. Einnig er þar að finna viðtöl um notkun hjálpartækja og hvernig megi skipuleggja notkun þeirra.

Á geisladisknum eru fyrirlestrar um kennslu og notkun hjálpartækja. Einnig eru upplýsingar um greiningu á lesblindu og hvatning til þeirra sem eru lesblindir að gera eitthvað í sínum málum.

Reynslan sýnir að þeir sem hafa fengið slík hjálpartæki eiga auðveldara með að mennta sig og sækja um störf sem eru við þeirra hæfi

Þá má finna sýnikennslu á ýmis hjálpartæki. Sýnt er hvernig tæknibúnaður er aðlagður þeim sem eiga í erfiðleikum með lestur eða skrift, bæði í hversdags-

lífinu og á vinnustað.

Á disknum má finna viðtöl við fólk sem hefur opnað sér nýja leið í lífinu með þessum hjálpartækjum. Reynslan sýnir að þeir sem hafa fengið slík hjálpartæki eiga auðveldara með að mennta sig og sækja um störf sem eru við þeirra hæfi. Fólk líður betur í vinnu sem er aðlöguð aðstæðum þeirra og eiga því auðveldara með að vinna á öruggan og skilvirkan hátt. Þessi fræðsludiskur er afrakstur samnorrens verkefnis og hefur diskurinn verið kynntur hér á landi en hann er hægt að fá hjá Eflingu-stéttarfélagi fólki að kostnaðarlausu.

# Heildarlausnir

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

*A góðum járnnum*



**HÉÐINN**

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ  
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

## Nýr samningur kynntur hjá vinnustöðunum Ási og Bjarkarási



Fundurinn var haldinn á Grand Hótel og mættu um 70 manns. Þetta var fyrsti vinnustaðafundurinn vegna nýgerðra samninga um kjör og réttindi fatlaðra

starfsmanna á vinnustöðum fatlaðra. Góður rómur var gerður að nýja samningnum og voru fundarmenn sammála um að hann væri mikið framfaraskref

fyrir starfsmenn vinnustaðanna ásamt því að vera stórt skref í réttindabaráttu fatlaðra á vinnumarkaði.



Félagsliðanám fyrir erlenda starfsmenn

## Ánægðar með fyrstu önnina

Hópur starfsmanna af erlendum uppruna sem hafa unnið á hjúkrunarheimil-

um í nokkur ár byrjuðu í félagsliðanámum um miðjan janúar sl. Námskeiðið er til-

raunaverkefni og skipulagt sérstaklega fyrir þennan starfshóp. Fyrstu önninn lauk 2. apríl og eins og sést á myndinn ríkti mikil gleði hjá nemendum við það tækifæri og þær eru allar ákveðnar í að koma á næstu önn sem hefst í haust.



# *Fjarnám allt árið!*

Skráning á sumarönn 2007 fer fram  
25. maí til 10. júní á slóðinni: [www.fa.is/fjarnam](http://www.fa.is/fjarnam)



***Þrjár annir: Vor – sumar – haust***

*Sendum félagsmönnum Eflingar - stéttarfélags  
heillaóskir í tilefni af 1. maí,  
alþjóðlegum baráttudegi verkafólks*







NORÐLENSKA



*Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf. Smiðjuvegi 14, Kópavogi*

*Björgun ehf., Sævarhöfða 33, Reykjavík*

*Eining - Iðja, Akureyri*

*Ernst & Young hf., Ármúla 6, Reykjavík*

*ET verslun ehf., Klettagörðum 11, Reykjavík*

*Falleg gólf ehf., Nesbala 25, Seltjarnarnesi*

*Farmanna- og fiskimannasamband Íslands*

*Faxaflóahafnir*

*Félag íslenskra hljómlistarmanna*

*Félag leiðsögumanna*

*Grund, elli- og hjúkrunarheimli, Hringbraut 50, Reykjavík*

*Haki ehf., Píluvöllum 10, Neskaupsstað*

*Landssamband íslenskra verslunarmanna*

*Landssamband lögreglumanna*

*Lífeyrissjóður Vestfirðinga*

*Sjómannasamband Íslands*

*Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur*

*Smur- bón- og dekkjaþjónustan sf. Sætúni 4, Reykjavík*

*Stéttarfélagið Samstaða, Blönduósi*

*Verkalýðsfélag Akraness*

*Verkalýðsfélag Stykkishólms*

*Verkalýðsfélag Vestfirðinga*

*Verkalýðsfélagið Boðinn, Hveragerði*

*Verkalýðsfélagið Vaka, Siglufirði*

Leonardo námsferðir á fullu!

## Árangursríkt samstarf yfir landamæri



Gunnþóra Guðmundsdóttir, Guðrún Alexandersdóttir, Púriður Árný Snorraddóttir og Guðný Sigrún Guðnadóttir heimsóttu hjúkrunarheimili í Kaupmannahöfn og komu heim reynslunni ríkari.

Mikill gangur er í Leonardo verkefni Eflingar um þessar mundir. Þrír hópar eru að fara erlendis á næstu vikum. Starfsmenn Mjólkursamsölunnar eru að fara til Finnlands að kynna sér framleiðslu, dreifingu og fleiri þætti í mjólkurvinnslu hjá Finnum. Starfsfólk Sóltúns er að fara til Noregs að kynna sér hjúkrunarheimili og starfsmaður frá Efnamóttökunni er að fara til Danmerkur.

Leonardo ferðirnar eru þannig uppbyggðar að lágmarksdvöl er ein vika.

Þar af þarf að leggja fyrir skipulögð dagskrá fyrir fimm vinnudaga. Mjög misjafnt er hvernig ferðirnar eru byggðar upp. Sumir fara á einn stað og eru þar alla vikuna á meðan aðrir fara á fleiri staði og dvelja í styttri tíma á hverjum stað.

Það er samdóma álit þeirra sem hafa farið í þessar ferðir að margt lærdómsríkt komi fram í þeim og ýmislegt sem kemur að gagni og nýtist í þeirra störfum hér heima. Þá er það ekki síðra sem kemur fram í mörgum frásögnum sem

birst hafa af kynnisferðum í Leonardo verkefninu, að sumir þátttakendur geta miðlað af reynslu sinni, þekkingu og tæknikunnáttu erlendis þar sem við í sumum greinum atvinnulífs stöndum frammar og erum að vinna með árangursríkari hætti en samstarfsaðilar í verkefninu á meginlandi Evrópu.

Þetta verkefni er vegna ársins 2007 og eru 45 Eflingarfélagar að fara á þessu ári á vegum Leonardo til útlanda að kynna sér störf og fyrirtæki.

# ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI ÖLL ÖKURÉTTINDI

Ný námskeið vikulega  
[www.et.is](http://www.et.is)

**NÝ  
ÖKUSKÓLINN**

SÍMI: 822 4502





Hópurinn sem útskrifaðist af Fagnámskeiði 2

Fagnámskeið 2 í umönnun

## Langar að læra meira

- segir Ana Markovic

Hópur erlendra starfsmanna sem vinna á hjúkrunarheimilum voru útskrifaðir af fagnámskeiði 2 í umönnun þann 29. mars sl. Námskeiðið hófst í lok janúar og kennt var í 104 kennslustundir á tveimur öðrum. Mímsímenntun sá um skipulagningu og framkvæmd námsins í samvinnu við Eflingu og létu nemendur í ljós ánægju með hvernig staðið var að því.

Ana Markovic er pólsk og kom hingað í atvinnuleit fyrir rúmu ári. Hún sagði að fljótlega eftir komuna hafi henni boðist vinna á Hjúkrunarheimilinu Eir sem hún tók og sér ekki eftir því vegna þess að Eir sé frábær vinnustaður.

Aðspurð um námskeiðið segir Ana að námsgreinarnar hafi verið fjölbreyttar og námsefni fróðlegt og skemmtilegt. Við lærðum m.a. aðstoð við umönnun, námstækni, næringarfræði, félagsfræði, lyfjafræði og um hjálpartæki.

Svo hef ég líka lært margt um starfið á vinnustaðnum og talsvert í íslensku af samstarfsfólki mínu og það hefur hjálpað mér við námið, segir hún.

Kennarar og nemendur hafi náð vel saman og það eigi stóran þátt í góð-

um árangri nemenda. Á námskeiðinu var okkur sagt frá félagsliðabruinni og

ég ætla að láta skrá mig í hana og læra meira, sagði Ana og brosti.



Verkefni starfsmanna á Sunnuhlíð

# Ýtir undir lífsgleði heimilisfólks



Guðrún Adolfsdóttir og Edda Ösp Jóhannesdóttir ásamt heimilisfólki

Tveir starfsmenn á Sunnuhlíð, hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi sjá um verkefni sem hófst sl. haust og á að auka virkni og lífsgleði heimilisfólksins sem tekur þátt í því. Það eru þær Guðrún Hlín Adolfsdóttir og Edda Ösp Jóhannesdóttir og þær hafa unnið í Sunnuhlíð í yfir tuttugu ár. Við heimsóttum þær einn morgun fyrir skömmu og fengum að fylgjast með starfseminni.

Þegar við gengum inn á vinnustofuna blasti við okkur hópur af fólki og beindist athygli þeirra að eldri konu sem var að lesa uppúr bók. Tvær konur frá Rauða krossinum heimsækja þau á hverjum degi og lesa framhaldssögur fyrir hópinn í hálfa klukkustund í hvert skipti og þeir sem vilja fylgjast með eru mættir klukkan tíu. En þeir sem ekki fylgjast með upplestrinum mæta aðeins seinna og við erum saman hér til klukkan tólf á hádegi.

**Fengu meira að segja sent garn frá Húsavík, segir Guðrún Adolfsdóttir**

Tilgangurinn með þessu verkefni er m.a. að heimilisfólkið hafi meira val í tómstundum eða störfum sem þau geta leyst af hendi. Þið sáuð áhugan hjá fólkinu sem var að hlusta á upplesturinn og ég get fullvissað ykkur um að þau mæta aftur í fyrramálið og næstu morgna til þess að heyra sögulokin. Til þess að ná því verða þau að fara á fætur á sama tíma þangað til lestrinum lýkur og þannig eru þau virkari þátttakendur í starfinu sem hér fer fram, segir Guðrún.

Þau gera einnig ýmislegt fleira eins og að horfa á sjónvarpið, lesa uppúr blöðum og spila félagsvist. Svo þrjónum við líka ungarnateppi sem RKÍ sendir til vanþróaðra landa og ég er afskaplega

stolt af því hvað konurnar eru duglegar með þrjónana.

Kópavogspósturinn heimsótti þau skömmu eftir að starfsemin byrjaði og hún hafi notað tækifærið og hvatt konur í bænum til þess að senda þeim afganga af garni sem þær ætluðu ekki að nota. Viðbrögðin létur ekki á sér standa og sendingar af garni streymdu til okkar næstu daga og vikur. Til gamans má geta þess að við fengum sent garn frá konu sem býr á Húsavík og það sýnir hvað máttur þæjarblaða er mikill, segir hún.

Þann 24. febrúar sl. var haldinn fjölskyldudagur í Sunnuhlíð og hann tókst vonum framar. Fjölskyldur heimilisfólksins komu og skoðuðu aðbúnaðinn og kynntu sér starfsemina og starfsfólkið fékk tækifæri til þess að hitta aðstandendur og ég held að flestir hafi farið ánægðir heim eftir vel heppnaðan dag, sagði Guðrún að lokum.



# Kynningafundir



Í lok mars voru haldnir þrír fjölmennir fundir í Fræðslusetri Eflingar með Litháum og Pólverjum sem starfa eftir kjarasamningum félagsins. Markmiðið með fundunum var að kynna fyrir

Litháunum starfsemi félagsins og helstu atriði í launakjörum og réttindamálum kjarasamninga sem þeir starfa eftir. Umræður stóðu langt fram á kvöld og var m.a. mikið spurt um tryggingakerf-

ið, evrópska tryggingakortið, atvinnu- og dvalarleyfi, lífeyrissjóðakerfið og ýmis önnur réttindamál.

## Hugsaðu um hollustuna!



Svalandi,  
próteinríkur  
og fitulaus



Gamla góða  
Óskajógúrtin – bara léttari



Frískandi, hollur  
og léttur drykkur í dós




Silkimjúkt, próteinríkt  
og fitulaust

Fitusnauðar  
og mildar ab-vörur  
– dagleg neysla stuðlar að bættari  
heilsu og velliðan



**m**  
MJÓLKURVÖRUR  
Í SÉRFLÖKKI



*Lausnarorð:*

*Nafn:* \_\_\_\_\_

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:

*Kennitala:*

# Verðlaunakrossgáta

**Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 15.000,- krónum.**

**Lausnir sendist til:** Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sætún 1, 105 Reykjavík.

**Svar þarf að berast fyrir 22. maí.**





Gylfi Gylfason

## Hafði heppnina með sér

Gylfi Gylfason lyftaramaður hjá HB Granda hlaut vinning að upphæð 15.000 krónur fyrir rétta lausn á krossgátu síðasta blaðs. Félagið óskar honum innilega til hamingju með vinninginn

## Lausn síðustu krossgátu



**BRAUÐFÓTUR**

**Hefur þú áhuga á að vinna erlendis?**

Hjá EURES getur þú fengið upplýsingar um hvaða störf eru í boði í Evrópu og upplýsingar um lífs- og vinnuskilyrði á evrópska efnahagssvæðinu.

**Nánari upplýsingar á [www.eures.is](http://www.eures.is)**

EES-Vinnumiðlun  
Engjateig 11  
105 Reykjavík  
Sími: 5547600  
netfang: [eures@svm.is](mailto:eures@svm.is)

**EURES**  
European Employment Services

**Þjónusta EURES er gjaldfrjáls**





## Enn dansað og **mikið fjör á Broadway**

- segir Guðmundur Þ Jónsson

Það var kátt á hjalla á Broadway sunnudaginn 11. mars s.l. þegar á annað þúsund félagsmenn Eflingar og gestir þeirra komu saman á árlegt kaffiböð félagsins, segir Guðmundur Þ Jónsson, 2. varaformaður Eflingar. Það er alltaf gaman á þessum skemmtunum og sumir hafi á orði í lok kaffiböðsins að nú sé bara að bíða eftir skemmtun að ári, segir hann.

Skemmtiatriði voru eins og best verður á kosið og stemmningin eftir því. Sælusveitin spilaði áður en kaffið hófst og síðan spilaði hún fyrir dansi í lokin. Tindatrióið, sem skipað er þeim Atla Guðlaugssyni, Bjarna Atlasyni og Guðlaugi Atlasyni, sungu og fóru með gamanmál. Í lokin fór hin landskunni fréttamaður og skemmtikraftur, Gísli Einarsson, með gamanmál. Fólki skemmti sér hið besta og allir fóru ánægðir heim og bíða nú með tilhlökkun eftir því að hittast að ári í kaffi hjá Eflingu, segir Guðmundur Þ Jónsson.







# JÁ, NÚ ER ÞAÐ GRÓFT!



## Holl og góð trefjarík brauð í dagsins önn

Til kornvöru teljast hafrar, rúgur, hveiti, bygg, hrísgrjón og maís, ásamt afurðum úr þessum vörum, svo sem brauð, grautar, pasta og morgunkorn. Mest er af vítamínum, steinefnum og trefjaefnum í hýði og kími. Þess vegna er mikilvægt að neyta kornvöru sem inniheldur alla hluta kornsins. Stundum er heilt og ómalað korn notað sem hráefni í brauð, en oftast er þó notað malað heilkorn, sem inniheldur ennþá öll næringarefni kornsins.

**Þú færð allt holla og góða - grófa brauðið hjá okkur!**



Dalvegi 4 • Sími 564 4700

Hamraborg 14 • Sími 554 4200

Opið: Mánud.-föstud. 06:00 - 18:00  
Laug. 06:00 - 17:00 Sunn. 07:00-17:00

Opið: Mánud-laugard. 08:00 - 18:00  
Laug. 08:00-16:00 Sunn. 09:00-16:00



Vaxtabót og Viðbót



ARGUS/06-0334

# Tveir sterkir

– sparnaðarreikningar á Netinu!

## **SPRON Vaxtabót**

Óverðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem ber háa, stighækkandi vexti eftir upphæð – auk þess stighækkandi vaxtaálag eftir lengd sparnaðartímabils. Alltaf laus.

## **SPRON Viðbót**

Verðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu, bundinn til 36 mánaða. Háir, verðtryggðir grunnvextir og vaxtaálag að binditíma loknum.

Þú getur stofnað reikning á **spron.is**

Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200,  
í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á [spron.is](http://spron.is)

